FRÉTTABLAÐIÐ

84. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 30. APRÍL 2021

20 ÁRA

„Við vildum búa til stað þar sem hægt er að koma til að njóta,“ segir Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Sky Lagoon, sem opnar nýtt baðlón á Kársnesi í dag. Í dýrari aðganginum að lóninu fá gestir aðgang að sérklefa til að klæða sig og sér sturtu. Á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, eru fjölmargar myndir frá nýja lóninu og ítarleg frétt um staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fermetri smáhýsa yfir milljón

Kostnaður við hvert þrjátíu fermetra smáhýsi í Gufunesi er rúmlega 33 milljónir króna. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins máttu bíða í hálft ár eftir svörum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

REYKJAVÍK Bygging smáhýsanna í Gufunesi reynist afar dýr framkvæmd. Kostnaður við hvert hús er nú metinn 33,4 milljónir króna.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík gagnrýndu þetta harkalega á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs í gær og hversu langan tíma hefur tekið að fá svör. Fyrirspurnin var send í október.

„Þessi kostnaður er galinn. Það er mjög miður að peningarnir séu ekki nýttir betur í þetta úrræði því þetta málefni er gott,“ segir Björn Gíslason, sem situr í ráðinu ásamt Ragnhildi Öldu Vilhjálmsdóttur.

Hýsin eru 30 fermetrar að stærð og fermetraverðið því rúmlega 1,1 milljón króna. Til samanburðar er meðalsöluverð íbúða í fjölbýli í Reykjavík 513 þúsund krónur og sérbýlis 423 þúsund samkvæmt Þjóðskrá.

> Það er mjög miður að peningarnir séu ekki nýttir betur í þetta úrræði því þetta málefni er gott.
>
> Björn Gíslason borgarfulltrúi, Sjálfstæðisflokksins

Innkauparáð samþykkti tilboð Yabimo í byggingu 20 hýsa í maí árið 2019, upp á rúmlega 189 milljónir króna og tæplega 60 prósent af 320 milljóna króna kostnaðaráætlun. Hýsin voru smíðuð í Kraká í Póllandi og flutt samsett til Íslands. Sú vinna hefur nokkurn veginn staðist áætlun, en aukakostnaður er meðal annars vegna jarðvinnu og lóðafrágangs.

Björn segir að ef öðru tilboði hefði verið tekið gæti fermetraverðið slagað í 2 milljónir króna.

Í svari umhverfis- og skipulagssviðs til fulltrúa Sjálfstæðisflokksins kemur fram að kostnaður við jarð- og lagnavinnu sé 11,8 milljónir á hvert hýsi og lóða- og umhverfisfrágang 5,7 milljónir. Samanlagt um helmingur kostnaðar við hvert hýsi.

Þessi kostnaður er í bréfinu sagður tilkominn vegna lækkunar á hæðarkvóta Gufunesvegar þegar framkvæmdin var hafin. „Þetta gerði að verkum að endurskoða þurfti framkvæmdina og hafði þessi breyting í för með sér kostnaðarauka við að koma smáhýsunum fyrir, meðal annars vegna aðgengis,“ segir í bréfinu. Var lóðin þá stækkuð til suðurs.

Á fund innkauparáðs í gær mætti fulltrúi Innri endurskoðunar vegna hálfs árs dráttar á svörum. Fulltrúar meirihlutans skýrðu tafirnar með álagi vegna faraldursins og að uppsetningu hýsanna fimm hefði ekki verið lokið fyrr en í desember. Björn segir almennu regluna að fyrirspurnum eigi að svara innan fjögurra vikna og lengri tími en það sé liðinn síðan í desember. – khg

Leghálsskimun er enn í ólestri

HEILBRIGÐISMÁL „Ég spyr mig að því hvort karlmenn í áhættuhópi fengju sömu meðferð í kerfinu,“ segir Lilja Guðmundsdóttir, ein kvennanna sem bíða niðurstaðna úr skimun fyrir leghálskrabbameini.

Lilja Guðmundsdóttir

Niðurstöður úr töku á leghálssýnum berast konum seint og illa og upplýsingum er ábótavant. „Það tekur enginn ábyrgð og heilsu okkar er stefnt í hættu á meðan,“ segir Lilja.

Rætt er við Lilju og fleiri konur í svipaðri stöðu í Fréttablaðinu í dag. Á frettabladid.is er ítarlegri frásögn að finna. – lb / sjá síðu 10

Mikill skriður er í bólusetningum hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Yfir hundrað þúsund bólusett

COVID-19 Í gær lágu fjórir á sjúkrahúsi vegna COVID-19 hér á landi. 191 var í einangrun með virkt smit og sólarhringinn á undan greindust tíu ný smit. Sjö voru í sóttkví við greiningu.

Alls var 421 einstaklingur í sóttkví í gær og yfir þúsund manns voru í skimunarsóttkví.

Á sama tíma og smit eru að koma upp hér og þar um landið ganga bólusetningar gegn COVID-19 afar vel þessa dagana.

Aldrei hafa fleiri verið bólusettir gegn COVID-19 en í þessari viku, en stefnt var að því að bólusetja yfir 25 þúsund manns í vikunni.

Alls hafa nú yfir 100 þúsund manns verið bólusettir með að minnsta kosti fyrri sprautunni hér á landi. **– bdj**

Slysalömbin mæta fyrst

Sauðburður er ekki formlega hafinn á bænum Flekkudal í Kjós, en þó hafa nokkur lömb mætt á undan áætlun því foreldrarnir þjófstörtuðu fengitímanum. Búast má við að stóraukið fjör færist í leikinn í Flekkudal um miðja næstu viku, að sögn heimilisfólksins þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eldstöðvarnar eru fjölsóttar, enda aðdráttaraflið mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tillögur um framtíð Geldingadala

UMHVERFISMÁL Starfshópur sem gera á tillögur um uppbyggingu eldgosssvæðisins í Geldingadölum skilar af sér minnisblaði í dag.

„Ljóst er að svæðið mun koma til með að verða vinsæll áfangastaður," segir á vef Grindavíkur, um hópinn sem skipaður var af Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur ferðamálaráðherra. Í hópnum eiga sæti bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, fulltrúar landeigendafélaganna tveggja á svæðinu, Umhverfisstofnunar, Veðurstofunnar, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á Suðurnesjum, auk ferðamálastjóra, sem leiðir hópinn.

„Skoða þarf hvernig tryggja megi öryggi ferðamanna sem og upplýsingamiðlun til þeirra, auk þess sem huga þarf að aðgangsstýringu," segir á grindavik.is. **– gar**

Verið talsverður hasar á jarðskjálftavaktinni

Margir fundu vel fyrir 3,8 stiga jarðskjálfta með upptök suðaustur af Eiturhóli um hádegisbil í gær. Bjarki Kaldalóns Friis, náttúruvársérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir gaman hjá sérfræðingum í náttúruvá þessa dagana.

NÁTTÚRUVÁ Jarðskjálfti að stærð 3,8 fannst vel víða á höfuðborgarsvæðinu í gær. Samkvæmt skráningu Veðurstofunnar átti hann upptök sín um 2,6 kílómetra suðaustur af Eiturhóli á Mosfellsheiði.

Bjarki Kaldalóns Friis, náttúruvársérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að skjálftinn sé hluti af hrinu sem hófst í fyrrinótt og þegar Fréttablaðið náði í hann höfðu mælst um 300 skjálftar, flestir litlir og á miklu dýpi. Það er því ekki að hefjast eldgos í Eiturhól.

Borhola er á svæðinu sem hefur ekki verið í notkun síðan í október og því ólíklegt að skjálftarnir tengist niðurdælingu.

„Það er búin að vera virkni við Eiturhól síðustu tvær vikurnar. Það eru búnir að vera nokkur hundruð skjálftar þar og ef maður skoðar til baka alla leið til janúar er töluverð virkni þarna. Það er samt pínu óalgengt að það séu svona margir í einu," segir hann.

Hann bendir á að ekkert bendi til þess að skjálftavirknin tengist eldsumbrotunum í Geldingadölum.

„Við fylgjumst vel með hvernig þetta þróast en það er alltaf óþægilegt að fá skjálfta upp á 3,8 sem fannst víða. Við sjáum til með framhaldið þó engin merki séu um gosóróa."

Upptök stóra skjálftans voru aðeins austan við Bláfjallasvæðið en jarðskjálftahrinur eru ekki óalgengar á þessu svæði. Engin hætta sé í byggð en eftir rólega tíð í kjölfar eldgossins sé þetta áminning um að þarna sé virkt jarðskjálftasvæði og að það þurfi að gæta að vörnum.

Frá Hengilssvæðinu þar sem jarðskjálftar eru tíðir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Við fylgjumst vel með hvernig þetta þróast en það er alltaf óþægilegt að fá skjálfta upp á 3,8 sem fannst víða.

Bjarki Kaldalóns Friis, náttúruvársérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands

Bjarki segir að nú sé gaman að vera náttúruvársérfræðingur enda nóg að gerast í vinnunni. Jafnvel sé of mikið að gera. „Við erum tveir á vaktinni á daginn og tveir veðurfræðingar og á næturnar er einn af hvorum," segir Bjarki sem hefur haft í nógu að snúast undanfarið.

„Þegar jarðskjálftahrinan varð, áður en gosið byrjaði í Geldingadölum, var svolítill hasar en það er ekki alltaf sem maður fær eldgos til að horfa á. Ég fæ að fara af og til heim." **benediktboas@frettabladid.is**

DREAMBROKER

Cyber Secure Video Communication

www.dreambroker.com





Hjallastefnan rekur bæði leik- og grunnskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Milljarðavelta hjá Hjallastefnu

SKÓLAMÁL Tekjur Hjallastefnunnar voru tæpir 3,3 milljarðar króna og var hagnaður ársins um 45 milljónir í fyrra. Laun og launatengd gjöld voru 2,7 milljarðar.

Reikningar Hjallastefnunnar ehf. voru lagðir fram í fræðslunefnd Ísafjarðar í vikunni.

Eigið fé Hjallastefnunnar nam um síðustu áramót 45 milljónum króna. Ársverk voru 349. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna rekstrarársins.

Hjallastefnan rekur leik- og grunnskóla víða um land, meðal annars leikskólann Eyrarskjól á Ísafirði. – bb

Tekjur af fraktstarfsemi jukust um 64 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sætaframboð dróst saman um nítíu prósent

FERÐAÞJÓNUSTA Sætaframboð í vélum Icelandair dróst saman um 92 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2021 á milli ára. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Icelandair Group.

Í tilkynningunni segir að heildartekjur hafi numið 7,3 milljörðum króna og lækkað um 73 prósent. Hins vegar hafi flutt frakt aukist umfram það magn sem flutt var fyrir faraldurinn og tekjur af fraktstarfsemi hafi aukist um 64 prósent.

Þá segir að þrátt fyrir áframhaldandi ferðatakmarkanir sé gert ráð fyrir að flug fari að aukast á ný og horfur séu góðar fyrir fjórða ársfjórðung 2021. Markaðsherferðir félagsins í Bandaríkjunum hafi haft jákvæð áhrif á bókanir. – atv

Nauðsynlegt að skrá símanúmer svo boð berist

COVID-19 Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir það hafa komið fyrir að fólk fái ekki boð í bólusetningu því það sé ekki með skráð símanúmer í sjúkraskrá.

„Það hefur gerst að fólk ætti að hafa fengið bólusetningu en hefur ekki fengið hana því boðið hefur ekki borist því," segir Óskar, en bætir við að þetta sé þó ekki algengt.

Óskar Reykdalsson segir flesta með skráðan síma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að sögn Óskars eru flestir með skráð símanúmer í sjúkraskrá.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis geta einstaklingar sjálfir skráð símanúmer sín í Heilsuveru, sé númerið skráð þar ætti boð í bólusetningu að berast.

Óskar segir óskráð númer ekki valda vanda er verið sé að bólusetja fólk eftir aldri. Erfiðara sé að ná til þeirra sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

„Þegar við erum að vinna með aldurinn höfum við boðið öllum þeim sem eru fæddir á ákveðnum tíma að mæta einhvern ákveðinn dag og náð þannig til flestra, en það er erfiðara að ná til fólks með undirliggjandi sjúkdóma," segir Óskar

Ástæðuna fyrir þessu segir Óskar vera þá að ekki allir geri sér grein fyrir að þeir tilheyri þeim hópi og þá sé hann afar fjölbreyttur. – bdj

Föngun glaðlofts Landspítala veigamikil í loftslagsbaráttu

Glaðloft er 300 sinnum skaðlegri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð. Landspítalinn hefur náð að minnka kolefnisspor sitt til muna með föngun gastegundarinnar, sem er mest notuð á fæðingadeild. Umhverfisstjóri spítalans segir markmið hans um að ná losun niður um 40 prósent hafa náðst.

UMHVERFISMÁL Landspítalinn hefur náð að minnka glaðloftslosun um helming með sérstökum búnaði. Glaðloft, sem er að stærstum hluta notað á fæðingadeildinni, er 300 sinnum skaðlegri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð.

Búnaðurinn á því stóran þátt í því að Landspítalinn er að ná loftslagsmarkmiðum sínum.

„Meðalfæðing hefur kolefnisspor á við 1.500 kílómetra akstur bensínbíls," segir Hulda Steingrímsdóttir, umhverfisstjóri Landspítalans.

Árið 2016 setti spítalinn sér markmið um að ná losun niður um 40 prósent á fjórum árum og það er að nást núna. Þegar sporið var kortlagt kom í ljós að glaðloft og sæfingagös voru 33 prósent af heildinni.

Glaðloft, N2O, er stundum kallað hláturgas og að langmestu leyti notað við fæðingar. Samkvæmt skýrslu Environice um kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins notar Landspítalinn um 80 prósent af öllu glaðlofti, en það er einnig notað í öðrum atvinnurekstri, svo sem á tannlæknastofum.

„Glaðloft er mjög góður verkjastillir og skaðlaus okkar heilsu. Við viljum ekki að konur hafi samviskubit yfir því að nota það," segir Hulda.

Eyðingarbúnaðinum var komið upp fyrir tveimur árum síðan. Grímann sem andað er í gegnum sogar afgangs glaðloftið til baka inn í vél sem hitar það upp og verður þá efnahvarf sem gerir það meinlaust. Með vélunum hefur náðst að minnka glaðloftslosunina hratt. Árið 2018 var losunin 1.816 tonn en 981 tonn árið 2019 og 900 í fyrra.

Með eyðingarbúnaði hefur náðst að minnka losun Landspítalans á glaðlofti mjög hratt MYND/LANDSPÍTALINN

> **Meðalfæðing hefur kolefnisspor á við 1.500 kílómetra akstur bensínbíls.**
>
> Hulda Steingrímsdóttir, umhverfisstjóri Landspítalans

Annað gas, desflúeran, sem er 2.540 sinnum skaðlegra en koldíoxíð hafa sæfingalæknar Landspítalans nú hætt að nota. Hulda segir að þetta komi ekki niður á öryggi eða líðan sjúklinganna, sem fá þess í stað sæfingalyf í æð.

„Hagur sjúklingsins er í forgangi en við erum að skoða allar leiðir til þess að minnka kolefnisporið," segir Hulda.

Rekstur heilbrigðisþjónustu er ekki fyrirferðarmikill í umræðu um loftslagsmál. En á heimsvísu telur hann um 5 prósent af allri losun.

„Þetta er umfangsmikil starfsemi sem neytir mikils og skilar miklum úrgangi," segir Hulda. „Ábyrgð okkar mikil."

Landspítalinn hefur ráðist í aðrar aðgerðir, svo sem að hætta notkun olíukyndingar á Hringbraut, bæta aðstöðu fyrir vistvænar samgöngur, minnka leigubílanotkun og flugferðir og auka fjarfundi.

Þar sem markmiðin frá 2016 eru að nást er næst á dagskrá að setja annað markmið og huga að fleiri leiðum. Nefnir Hulda rafvæðingu bílaflotans og auknar kröfur í vistvænum innkaupum sem dæmi.

„Við erum ekki sest í helgan stein," segir Hulda Steingrímsdóttir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Dale á milli starfa
Nýtt námskeið fyrir atvinnuleitendur

Markmið námskeiðsins eru:
- Efla sjálfstraust og auka eldmóð
- Leita nýrra tækifæra og vinna með styrkleika sína
- Stækka tengslanetið og byggja upp ný sambönd
- Auka tjáningarhæfni til að skapa jákvæð áhrif
- Bæta viðhorf, minnka kvíða og stjórna streitu
- Gerð ferilskráar og styrkja ásýnd á samfélagsmiðlum

Námskeiðið er 6 skipti með viku millibili, 2,5 klst í senn. Verðið er 80.000 kr. og hægt er að fá styrk frá VMST allt að 60.000 kr. Sum stéttarfélög niðurgreiða 100%.

Námskeiðin eru staðbundin en líka í boði í live online fjarþjálfun í rauntíma.
Sjáðu næstu námskeið á dale.is

Nánar á dale.is

Dale Carnegie

A new way of staying in touch with your loved ones



nian

App Store

www.mynian.com

Powered by Dream Broker

Google Play

Geimurinn var fjögur ár í röngu ráðuneyti á Íslandi

STJÓRNSÝSLA Umsókn Íslands um aðild að Geimvísindastofnun Evrópu hefur velkst um í kerfinu í hartnær fimm ár og er komin í hendur mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá utanríkisráðuneytinu.

Þingmaður Samfylkingarinnar, Guðjón S. Brjánsson, spurði Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra hvað tefði umsóknina.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir

Lilju Dögg Alfreðsdóttir, sem þá var utanríkisráðherra, var falið að sækja um aðild að Geimvísindastofnuninni í október árið 2016.

Níu mánuðum síðar var óskað eftir tilnefningum í starfshóp um aðild Íslands að stofnuninni og fyrsti fundur fór fram í desember 2017.

Í febrúar 2019 var svo fundur með fulltrúum Geimvísindastofnunar Evrópu.

Niðurstaðan var að stofnunin sendi stjórnvöldum vegvísi að því hvernig undirbúa skyldi svonefnt fyrsta stigs samstarf.

Vegvísirinn barst í febrúar 2019 og 11. júní lá fyrir samþykki á næsta skrefi í ferlinu í samræmi við vegvísinn, sem fólst í því að ráðherra málefna geimsins ritaði stofnuninni bréf þar sem leitast væri eftir að hefja viðræður um aðild.

Þá kom í ljós að starfsemi stofnunarinnar er á sviði vísinda, menntamála og rannsókna og var málið lagt í hendur mennta- og menningarmálaráðuneytis 7. apríl 2020. **– bb**

Atvinnuleitendur í Reykjavík fá frítt í sund. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skoða að hafa frítt í sund

REYKJANESBÆR Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar skoðar að atvinnuleitendur fái tímabundið frítt í sund. Tímabilið sem ráðið leggur til er 15. maí til 1. ágúst í ár svo fremi sem samkomutakmarkanir hindri ekki framkvæmdina.

Tillagan var borin upp á fundi ráðsins í vikunni. Áætlaður kostnaður er 250 þúsund krónur en á fundinum kom einnig fram að mjög misjafnt er á milli bæjarfélaga hvort boðið sé upp á frítt í sund fyrir atvinnuleitendur. Árborg, Garðabær, Reykjavík og Vestmannaeyjar bjóða upp á sund og Akranes býður atvinnuleitendum upp á helmings afslátt. **– bb**

Auglýsing um þátttöku í samráðsvettvangi um jafnrétti kynja – Jafnréttisráð.

Í 24. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er gert ráð fyrir að ráðuneyti sem fer með jafnréttismál kalli saman samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, Jafnréttisráð og gefi aðilum tækifæri á að óska eftir þátttöku. Rétt til þátttöku eiga fulltrúar frá samtökum sem vinna að jafnrétti kynjanna samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins og fræðasamfélaginu. Samkvæmt reglugerð **Jafnréttisráð – samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna nr. 460/2021** eiga fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra einnig rétt til þátttöku.

Lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna önnur en þau sem tilgreind eru hér að ofan geta óskað eftir þátttöku en gerð er sú krafa að um sé að ræða lögaðila með stjórn og skráða kennitölu.

Umsóknir um þátttöku sendist á skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu á netfangið for@for.is fyrir **14. maí nk.** merkt Samráðsvettvangur.

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Stefnt var að því að bólusetja um 25 þúsund manns gegn COVID-19 í þessari viku. Skipulagning hefur gengið vel og skiptir þar miklu máli að hver og einn sem bólusettur er sé ekki of lengi á bólusetningarstað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skipulag bólusetninga sagt hafa virkað vel

Guðjón Vilhjálmsson, forstöðumaður heilbrigðislausna hjá Origo, segir kerfi sem heldur utan um bólusetningar vegna COVID-19 hafa virkað vel. Lögð var áhersla á að gera skráningu einstaklinga á bólusetningarstað sem einfaldasta.

COVID-19 „Við erum búin að vera með teymi í COVID-tengdum verkefnum frá því að faraldurinn skall á," segir Guðjón Vilhjálmsson, forstöðumaður heilbrigðislausna hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Origo.

Fyrirtækið hannaði í samstarfi við Embætti landlæknis kerfi sem sér um utanumhald varðandi bólusetningu við COVID-19.

Kerfið myndar gagnagrunn að lausnum við bólusetningar og heldur meðal annars utan um fólk í forgangshópi og boðar í bólusetningu með SMS-skilaboðum jafnóðum og bóluefni berst til landsins. Þá eru allar bólusetningar skráðar í kerfið þar sem haldið er utan um það hverjir hafa fengið bólusetningu.

„Við höfðum áður þróað gagnagrunn fyrir allar bólusetningar á Íslandi og þetta kerfi tengist því verkefni en það sem snýr að skipulagningu COVID-19 bólusetninganna og boðun þurftum við að þróa alveg frá grunni," segir Guðjón.

Að sögn Guðjóns hefur Origo einnig unnið náið með Embætti landlæknis að sýnatökum bæði á landamærunum og á heilbrigðisstofnunum. Sú þekking hafi einnig nýst vel við bólusetningarkerfið.

> **Það sem snýr að skipulagningu COVID-19 bólusetninganna og boðun þurftum við að þróa alveg frá grunni.**
>
>
>
> Guðjón Vilhjálmsson, forstöðumaður heilbrigðislausna hjá Origo

Guðjón segir ánægjulegt að fleiri séu að átta sig á tækifærum varðandi tækni í faraldrinum, áður fyrr hefði líklega verið farin önnur leið í skipulagningu bólusetninga. „Þá hefði líklega verið sett fólk í að hringja út og gera allt og græja en með því að nýta tæknina með þessum hætti er hægt að straumlínulaga þetta svo gríðarlega," segir Guðjón.

Í SMS-skilaboðunum sem send eru þeim sem boðaðir eru í bólusetningu er strikamerki sem skannað er á bólusetningarstað, þannig er fólk skráð á einu augnabliki.

„Víða erlendis þarf fólk að gefa upp nafn og kennitölu og svo þarf að leita að því í kerfinu. Hver skráning tekur kannski eina til tvær mínútur. Það var mikill fókus á það hjá okkur að gera skráninguna á bólusetningarstað eins einfalda og mögulegt er," segir Guðjón

Þá minnir Guðjón á mikilvægi þess að hver og einn sé sem stystan tíma á bólusetningarstað. Í þessari viku var stefnt á að bólusetja um 25 þúsund manns, ein auka mínúta á hvern einstakling á bólusetningarstað sé því fljót að telja klukkutíma.

Guðjón segir kerfið hafa reynst afar vel en að það geti reynst flókið að halda utan ýmsa hluti.

„Fólk er náttúrulega að mæta í fyrri og seinni sprautu og það er búið að búa til forgangshópa. Svo koma upp dæmi þar sem einhver mætir ekki eða má ekki fá ákveðið bóluefni vegna undirliggjandi sjúkdóms og þá þarf að eiga sérstaklega við það," segir Guðjón.Tekist hafi afar vel að halda utan um allt saman.

„Við höfum ekki lent í vandamálum tengdum skipulagningu eins og eru að koma upp víða um heim."

birnadrofn@frettabladid.is

Afglæpavæðing fyrsta skrefið til að minnka refsihörku í fíkniefnamálum

HEILBRIGÐISMÁL Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, segir mikla viðhorfsbreytingu landsmanna gagnvart afglæpavæðingu neysluskammta á skömmum tíma, sýna hversu mikilvæg upplýst og opin umræða um málaflokkinn sé. Halldóra lagði fyrst fram frumvarp um afglæpavæðingu árið 2019.

Í gær greindi Fréttablaðið frá nýrri könnun Félagsvísindastofnunar þar sem kemur fram að 60 prósent styðji nú afglæpavæðingu neysluskammta, miðað við rúmlega 30 prósent í könnunum árin 2015 til 2019. Þá telja flestir nú kynferðisbrot alvarlegustu afbrotin fyrir samfélagið en fíknibrot hafa verið efst áratugum saman.

Halldóra segir að hugsa þurfi kerfið upp á nýtt þegar kemur að því að taka á fíkniefnamálum. „Ég er á þeirri skoðun að það eigi ekki að refsa fólki sem er veikt," segir hún. „Burðardýr fíkniefna og smásalar eru oft fólk sem er sjálft í neyslu og við leysum engan vanda, hvorki samfélagslegan né vanda þeirra, með refsingum." En eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan apríl sker Ísland sig frá nágrannaþjóðum þegar kemur að refsihörku í fíkniefnamálum og óvenju margir fíknifangar eru hér í varðhaldi.

> **Burðardýr fíkniefna og smásalar eru oft fólk sem er sjálft í neyslu og við leysum engan vanda, hvorki samfélagslegan né vanda þeirra, með refsingum.**
>
>
>
> Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata

„En þetta eru líka skref," segir Halldóra. „Afglæpavæðing er mikilvægt skref til að viðurkenna að núverandi nálgun hefur ekki virkað. Fólk er ekki að hætta í neyslu af því að hún er ólögleg og refsingar hjálpa því ekki að ná bata." Segist hún sannfærð um að þegar árangur afglæpavæðingar komi í ljós verði fleiri skref stigin til þess að minnka refsihörkuna í fíkniefnamálum. **– khg**

GRILL
HAMBORGARINN

25% afsláttur

sjá myndband

Klassískur hamborgari er venjulega 15-20% fita, en við ákváðum að hækka hlutfallið upp í 30%. Útkoman er líklega einn besti hamborgari á markaðnum í dag, gerður úr 100% íslensku nautakjöti. Hann nýtur sín best grillaður, þar sem fituhlutfallið er hátt. Þú hreinlega verður að smakka þennan!

Sweet Baby Ray´s BBQ sósur

Verð frá **469** kr/stk

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

562 kr/pk
Verð áður 749 kr/pk

Tilboð gilda út 2. maí

30% afsláttur

Lambafile

4.129 kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg

20% afsláttur

Kjúklingabringur

2.079 kr/kg
Verð áður 2.599 kr/kg

15% afsláttur

Heill kjúklingur

790 kr/kg
Verð áður 929 kr/kg

NÝTT Í HAGKAUP

Brownie Brittle
Stökkar brownies sem þú verður að smakka

Verð frá **649** kr/pk

Cavendish Flavour Crisp franskar
Einstaklega bragðgóðar og stökkar

779 kr/pk

NÝTT BRAGÐ

Coca-Cola án sykurs
10 x 330 ml

889 kr/pk

HAGKAUP

Ástandið á Indlandi er bágborið.

Bandaríkjamenn hvattir til að yfirgefa Indland

BANDARÍKIN Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa ráðlagt Bandaríkjamönnum á Indlandi að yfirgefa landið eins fljótt og auðið er.

Í tilkynningu bandarísku sendiráðsins á Indlandi var varað við að aðgangur að heilbrigðisþjónustu væri afar takmarkaður. Þá voru bandarískir þegnar hvattir til að ferðast ekki til landsins, eða yfirgefa það, við fyrsta mögulega tækifæri.

Um 379 þúsund greindust með smit á Indlandi í gær, sem er mesti daglegi fjöldi greindra tilfella á heimsvísu. Meira en 18 milljón tilfelli hafa greinst í landinu og um 204 þúsund látist af völdum veirunnar. **– atv**

Egypsk múmía var með barni

PÓLLAND Pólskir vísindamenn hafa komist að því að egypsk múmía sem áður var talin karlkyns prestur, var í raun og veru kona sem gekk með barn. Þetta er í fyrsta skipti sem uppgötvað hefur verið að múmía hafi verið barnshafandi.

Rannsakendurnir, sem tóku þátt í svokölluðu Múmíuverkefni í Varsjá, gerðu grein fyrir uppgötvuninni í tímariti um fornleifafræði í gær. Verkefnið hófst árið 2015 þar sem skoða átti ýmsa muni sem hýstir eru á Þjóðminjasafninu í Varsjá.

Samkvæmt rannsakendum var múmían að öllum líkindum efri stétta kona á milli tvítugs og þrítugs sem lést á fyrstu öld fyrir Krist. Með athugun á höfuðummáli fóstursins er áætlað að hún hafi verið komin 26 til 30 vikur á leið þegar hún lést. **– atv**

Eftirlitið er misvinsælt.

Dulbúið eftirlit á veitingastöðum

JAPAN Borið hefur á óánægju í veitingageiranum í Japan eftir að stjórnvöld tóku upp á að senda dulbúið eftirlitsstarfsfólk á veitingastaði til að athuga hvort þeir framfylgdu grímuskyldu.

Fjöldi veitingastaða í Japan hefur hlotið leyfi til að hafa opið fyrir rekstur, að því gefnu að þeir framfylgi sóttvarnareglum á borð við grímuskyldu. Komist eftirlitsstarfsfólkið á snoðir um að það sé ekki gert, eiga þeir á hættu að missa rekstrarleyfið.

Nokkrir staðir hafa lýst yfir óánægju með aðgerðirnar sem þeir kalla yfirdrifnar og jaðra við njósnir af hálfu stjórnvalda. Ríkisstjóri Kanagawa-héraðsins þar sem eftirlitið hefur verið sett á fót segir hins vegar að um mikilvægt starf sé að ræða til að gæta þess að allir séu að gera sitt besta gegn faraldrinum. **– atv**

Nýju fingurnir keisarans

Fróðleiksfúsir virða fyrir sér risavaxna bronsstyttu af rómverska keisaranum Konstantínusi á Capitolini-safninu í Róm. Hægt var að setja hönd styttunnar aftur saman eftir að Louvre-safnið í París sendi þangað fingur sem vantaði. Ætli keisarinn taki upp á því að læra að hekla? FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Biden lofar stórum aðgerðum eftir hundrað daga í embætti

Á hundraðasta degi sínum í embætti sagðist Joe Biden stefna að miklum breytingum á velferðar- og hagkerfi Bandaríkjanna, meðal annars með því að skattleggja þá ríku. Alþjóðastjórnmálafræðingur segir Biden hafa lært af reynslunni að hlutirnir þurfi að gerast hratt. Nýi forsetinn erfi versta bú nokkru sinni.

BANDARÍKIN „Ég get tilkynnt þjóðinni að Ameríka er komin á skrið á ný," sagði Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, í ræðu sinni fyrir báðum deildum Bandaríkjaþings í fyrrinótt. Þá voru liðnir hundrað dagar síðan Biden var svarinn í embættið.

Þar sagði Biden að hann stefndi að miklum breytingum á velferðar- og hagkerfi Bandaríkjanna, meðal annars með umbótum á samfélagsstoðum á borð við menntakerfið og barnabætur. Hann sagði faraldurinn hafa opinberað glufur í innviðum landsins og að besta leiðin til að efla hagvöxtinn væri að skattleggja þá ríku.

Þá sagði hann að Bandaríkin þyrftu að sanna fyrir heiminum að lýðræði virkaði ennþá svo landið væri samkeppnishæft við alræðisríki á borð við Kína.

„Það þekkir enginn innviði Bandaríkjaþings betur en Joe Biden, svo hann er ekki að setja þetta fram að gamni sínu," segir Kristján Guy Burgess alþjóðastjórnmálafræðingur um fyrirætlanir forsetans.

„Nú þarf að koma í ljós hvort hann fái stuðning meirihluta fyrir nákvæmlega þessum tillögum eða hvort þær muni breytast í meðferð þingsins. Biden ákvað að gefa engan afslátt og setja tillögurnar fram eins og hann taldi þær vera bestar."

Enn hefur enginn Demókrati sett sig gegn tillögunum en Kristján segir það þó geta gerst.

Þegar Biden tók við embætti forseta Bandaríkjanna lofaði hann hundrað milljón bólusetningum þegar hann hefði starfað í hundrað daga. Það markmið náðist fyrir miðjan mars, og 21. apríl höfðu 200 milljón bólusetningar farið fram í Bandaríkjunum.

Biden spjallar við þingmenn að lokinni ræðu sinni á Bandaríkjaþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Það þekkir enginn innviði Bandaríkjaþings betur en Joe Biden, svo hann er ekki að setja þetta fram að gamni sínu.**
>
> Kristján Guy Burgess, alþjóðastjórnmálafræðingur

Í dag hefur rúmlega helmingur Bandaríkjamanna fengið að minnsta kosti einn skammt af bóluefni, alls um 235 milljón skammta.

„Biden erfir versta bú sem nokkur Bandaríkjaforseti hefur tekið við," segir Kristján og nefnir heimsfaraldur, kreppu og harðar innanríkisdeilur á borð við vantraust á lögreglu sem dæmi. „Það að finna leið til að snúa faraldrinum við er fyrsta stóra afrek hans sem forseta og nú taka við þessir viðspyrnupakkar til að koma efnahagnum aftur á réttan kjöl."

Kristján segir Biden sækja ýmislegt í smiðju forvera sinna og hafa til að mynda kynnt sér vel hvernig Roosevelt tók á kreppunni á fjórða áratugnum. Þá segir Kristján Biden einnig hafa lært mikið af því að starfa sem varaforseti Obama sem hafi líka tekið við embætti í erfiðu ástandi.

„Það sem Biden lærði af tíma sínum sem varaforseti er að það þarf að vinna miklu hraðar," segir Kristján. Koma þurfi málunum sem fyrst af stað.

„Biden hefur til að mynda tekið ýmsar ákvarðanir í krafti síns embættis án þess að láta það fara í gegnum þingið fyrst. Hann stendur í dag frammi fyrir stórum verkefnum og það verður auðvitað ekki allt vinsælt sem hann ákveður að gera," segir Kristján Guy Burgess.

arnartomas@frettabladid.is

Sól og sumarylur á Tenerife allt árið

Beint flug til Tenerife hefst 1. maí.

Á morgun, 1. maí, tekur Icelandair stefnuna suður um höf og hefur áætlunarflug til sólgylltra stranda Tenerife. Nú getur þú bókað þér ferð á einn vinsælasta áfangastað Íslendinga, 12 mánuði fram í tímann.

icelandair.is

ICELANDAIR

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra tók í mars við undirskriftum frá hópnum „Aðför að heilsu kvenna“. Kallað var á breytingar til að endurheimta traust kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Konur misstu traust á krabbameinsleit

Margar konur lýsa um þessar mundir stórgölluðu kerfi og óskilvirkri þjónustu þegar kemur að leghálsskimunum. Niðurstöður úr leghálssýnum berast konum seint og illa og upplýsingum er ábótavant. Fréttablaðið ræddi við konur sem lýsa persónulegri reynslu.

Linda Blöndal
linda@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef leitað til læknisins en það hefur ekki tekist að ná sambandi, segir Lilja Guðmundsdóttir, sem er ein þeirra kvenna sem bíður niðurstaðna eftir í skimun fyrir leghálskrabbameini.

Lilja fór í skimunina 2. febrúar síðastliðinn hjá kvensjúkdómalækni. Hún hafði áður farið í keiluskurð vegna frumubreytinga, eða í ágúst í fyrra, þar sem hún var með svonefndar hágráðu frumubreytingar.

„Ég fylgist líka daglega með hvort póstur komi inn á Heilsuveru eða á island.is en ekkert kemur,“ segir Lilja, sem hefur því beðið niðurstaðna í þrjá mánuði. Hún bendir á að óvissan sé enn meiri því hún hafi ekki greinst með HPV-veiruna í ágúst heldur aðra tegund og sjaldgæfari. Hins vegar stóð bara til boða að kanna með HPV í febrúar, eftir að skimunin fór frá Krabbameinsfélaginu.

Aldurshópurinn 30 til 59 ára er bara skimaður fyrir HPV en ég var með aðra tegund, svo ég skil ekki hvernig á að finna þess háttar frumubreytingar eftir að skimun var breytt fyrir þennan aldurshóp,“ segir Lilja, sem kveður óvissuna slæma.

„Ég fór úr engum breytingum í skimun árið 2018 í hágráðu breytingar 2020 svo ég þekki hvað þetta getur breyst hratt. Ég hef misst traust á þessu kerfi, það er eins og öllum sé sama og benda bara hver á annan. Það tekur enginn ábyrgð og heilsu okkar er stefnt í hættu á meðan. Ég spyr mig að því hvort að karlmenn í áhættuhópi fengju sömu meðferð í kerfinu? segir Lilja.“

Lilja Guðmundsdóttir.

Sýnin hafa verið send til Danmerkur í greiningu frá og með síðustu áramótum þegar skimanir og greining færðist á hendur ríkisins.

Sagt að vera bara róleg

Margrét Hildur Ríkharðsdóttir er ein af 350 konum sem þurftu að endurtaka sýnatöku þar sem rannsóknarglösin voru af rangri tegund fyrir dönsku rannsóknarstofuna. Hún fór í skimun þann 24. nóvember hjá Krabbameinsfélaginu og bárust niðurstöður 24. febrúar þess efnis að hún væri með HPV-veiruna sem veldur frumubreytingum. Um leið fékk hún að vita að hún þyrfti að fara aftur í skimun þar sem ekki væri hægt að vinna áfram með upphaflega sýnið vegna rannsóknarglasanna.

Margrét Hildur Ríkharðsdóttir.

„Ég gat fengið tíma eftir fjórar vikur hjá Heilsugæslunni en ég gat ekki beðið svo lengi og náði að troða mér inn hjá kvensjúkdómalækni í sýnatöku þann 1. mars,“ segir Margrét, sem enn bíður eftir niðurstöðum og hefur tvisvar hringt í samhæfingarstöð krabbameinsskimana. „Svörin voru mjög dónaleg og mér var sagt að vera bara róleg og þolinmóð.“

Margrét segist hafa spurt hvort hún væri í forgangi þar sem keiluskurður var gerður þegar hún var 24 ára en lítil svör fengust. „Ég held þú sért í forgangi, þú ættir að vera það en ég veit það ekki,“ var svarið sem hún kveðst hafa fengið frá hjúkrunarfræðingnum.

Þórdís Björg Björgvinsdóttir beið í yfir fjórtán vikur. Hún fór í skimun hjá sínum kvensjúkdómalækni þann 13. janúar og fékk svar núna á mánudaginn.

„Læknirinn minn sagði mér í janúar að hann vissi ekkert um hvenær niðurstaða kæmi og var mjög hreinskilinn með það,“ segir Þórdís. Hún hafi svo tvisvar hringt í heilsugæsluna sem alltaf hafi reynst henni vel.

Þórdís Björg Björgvinsdóttir.

„Í þetta sinn átti að hafa samband við mig til baka en það var aldrei gert,“ segir Þórdís. Hún segir að eftir færslu sína inn á Facebook-hópinn Aðför að heilsu kvenna og tölvupóst á samhæfingarstöð Heilsugæslunnar, hafi borist símtal með niðurstöðunni. Þórdís, sem er fjögurra barna móðir fór í keiluskurð vegna HPV árið 2006 og greindist líka fyrir fimm árum með frumubreytingar. „Ég hefði ekki boðið í að vera í þeim sporum núna þegar allt er svona ótryggt.“

Enginn hafði samband

Anna Mjöll Eldheims fór í skimun 3. mars hjá Heilsugæslunni í Drápuhlíð, Reykjavík og bíður enn svars nú, tæpum tveimur mánuðum síðar. Frumubreytingar fundust hjá Önnu Mjöll fyrir rúmu ári þegar hún fór í sína fyrstu leghálsskimun. Þá var henni tjáð að hún fengið boð eftir sex mánuði í eftirlit og skimun. Það hefði átt að vera í byrjun febrúar en enginn hafði samband við Önnu Mjöll sem svo bókaði tíma sjálf á heilsugæslunni.

Sýni týndust

Kristný Maren Þorvaldsdóttir er ein þeirra sem fékk svar á miðvikudaginn, eftir skimun þann 13. desember sem gerð var á Landspítalanum. Hún dvaldi á spítalanum vegna annarra meina en æskilegt þótti að taka leghálssýni fyrir krabbameini.

„Ég fékk svar fyrst í fyrradag og ég þarf að fara aftur,“ segir Kristný. Þau svör sem hún hefur fengið eftir mikla umleitan var að sýnið hefði týnst, það hafi ekki verið skráð. „Ég var ekkert látin vita.“ Hún segist til dæmis hafa hringt í Krabbameinsfélagið sem hafði ekki fengið sýnið til sín.

Fjöldamargar frásagnir kvenna má lesa á spjalli í fjölmennum Facebook-hópi sem nefnist „Aðför að heilsu kvenna.“

Fljótlega komnir gæðastaðlar

Í tilkynningu frá Heilsugæslunni á miðvikudag stendur meðal annars: „Fljótlega, þegar verður búið að vinna upp töf og lausnir á skráningu í skimunarskrá verða komnar til framkvæmda, verður hægt að uppfylla alþjóðlega gæðastaðla.“ Með þeim eiga allt að 80 prósent kvenna að fá niðurstöðu innan fjögurra vikna og allar konur innan sex vikna.

NÁÐU Í SAMKAUP Í SÍMANN OG BYRJAÐU AÐ SPARA

GILDIR Í YFIR 60 VERSLUNUM UM LAND ALLT

MEIRI AFSLÁTTUR OG FRÁBÆR TILBOÐ!

samkaup
VERSLUN VIÐ HENDINA

nettó Iceland KJÖRBÚÐIN Krambúðin

samkaup.is/app

Fyrirsjáanlegt

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Hinn efnahagslegi veruleiki bankar nú upp á. Nýjar hagtölur sýna að verðbólgan, sem hefur farið stöðugt hækkandi, mælist 4,6 prósent – langt yfir 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans – og hefur ekki verið hærri í átta ár. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessari þróun. Fjárfestar brugðust harkalega við verðbólgutölunum í gær, sem reyndust mun verri en spár greinenda gerðu ráð fyrir, og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um liðlega 0,2 til 0,3 prósent. Það mun aftur hafa bein áhrif á fjármögnunarkostnað ríkissjóðs, sem þarf að sækja sér mikið lánsfé á komandi misserum, og fyrirtækja sem fjármagna sig á markaði.

Það þarf tæpast að koma á óvart að verðbólgan sé ekki að hjaðna. Kostnaður vegna skipaflutninga hefur stórhækkað, hrávöruverð er upp um nærri 50 prósent frá áramótum og þá hafa orðið verulegar launahækkanir nú þegar stór hluti fyrirtækja er í engri aðstöðu til að taka þær á sig nema að velta þeim út í verðlagið. Aðaldrifkrafturinn að baki verðbólgunni í þetta sinn er stighækkandi fasteignaverð – hækkunin er 4 prósent á tveimur mánuðum – og aðeins er tímaspursmál hvenær Seðlabankinn virkjar þjóðhagsvarúðartæki sín, eins og að þrengja skilyrði um veðlánahlutföll, til að kæla eftirspurnina á fasteignamarkaði. Undirliggjandi vandinn, skortur á framboði af byggingarlóðum á höfuðborgarsvæðinu, mun þó eftir sem áður standa óleystur.

Ísland var í einstakri stöðu til að takast á við efnahagsáhrif faraldursins með skuldlítinn ríkissjóð og myndarlegan gjaldeyrisforða. Í meginatriðum hefur þar tekist vel upp. Ríkisfjármálunum var beitt af þunga, einkum í því skyni að örva einkaneyslu, Seðlabankinn lækkaði vexti úr 3 prósentum í 0,75 prósent, sem hefur aukið ráðstöfunartekjur heimilanna, og með gjaldeyrisinngripum tókst að verja gengi krónunnar. Hættan nú er hins vegar að við séum að missa verðstöðugleikann frá okkur. Hagkerfið er að ganga í gegnum eina dýpstu kreppu lýðveldissögunnar, uppsafnaður halli ríkissjóðs verður um 1.000 milljarðar 2020 til 2025 og atvinnuleysið er 11 prósent, en samt er launavísitalan að rjúka upp um 10 prósent vegna kjarasamningsbundinna hækkana – hjá hinu opinbera er hækkunin enn meiri – og ríkið og sveitarfélög eru að taka á sig milljarða kostnað við styttingu vinnuvikunnar. Dettur einhverjum það í hug, fyrir utan kannski hina nýju forystu verkalýðshreyfingarinnar, að fyrir þessu sé innistæða?

Boltinn er núna hjá Seðlabankanum. Ljóst er að það sem veldur honum einkum áhyggjum er að verðbólguvæntingar á markaði hafa rokið upp og eru nú um 3,5 prósent. Vonir eru bundnar við að gengisstyrking krónunnar, sem nemur um 9 prósentum síðustu sex mánuði, muni hjálpa við að ná verðbólgunni niður, en á sama tíma vill bankinn ekki sjá gengið hækka of mikið og þannig skerða samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna og þá um leið hamla endurreisn ferðaþjónustunnar. Útlit er fyrir að vextir verði nú hækkaðir fyrr en ella sem mun ekki aðeins bíta fast á fyrirtækin heldur einnig heimilin, sem eru að stórum hluta með íbúðalán sín á breytilegum, óverðtryggðum vöxtum, á tímum þegar það er enn slaki í hagkerfi. Seðlabankanum er vandi á höndum á komandi mánuðum.

Dettur einhverjum það í hug, fyrir utan kannski hina nýju forystu verkalýðshreyfingarinnar, að fyrir þessu sé innistæða?

Halldór

Frá degi til dags

Rétta leiðin

Órólegu deildinni í þingflokki Sjálfstæðisflokks hefur gengið ágætlega að velgja heilbrigðisráðherra undir uggum og draga um leið fram undirliggjandi óeiningu um sóttvarnir hjá stjórnarflokkunum. Digurbarkaleg yfirlýsing á Twitter bendir þó til að í Sjálfstæðisflokknum hafi loks náðst eining. Aðallega um að stæra sig af skyndilegum og blússandi gangi í bólusetningum sem ætla mætti að skrifaðist á heilbrigðisráðuneytið eins og allir bóluefnabömmerarnir hingað til. „Það er bjart fram undan – við erum á réttri leið," sagði í tísti flokksins sem formaðurinn, Bjarni Benediktsson, ítrekaði í eigin færslu: „Við erum sannarlega á réttri leið."

100.000 rollur

Sigri hrósandi tístinu fylgdi myndskreytt yfirlýsing: „100.000 Bólusettir" að vísu með *merktum fyrirvara um a.m.k. eina sprautu. Hvorki fylgdi sögunni né tístinu hvort þingmaðurinn Brynjar Níelsson hafi verið stunguþoli númer 100.000 en hann tilkynnti í gær að hann hefði verið leiddur „eins og rolla í rétt" í bólusetningu. Hann hafði áður þvertekið fyrir að hann myndi þiggja bóluefni en við sinnaskiptin hefur eining Sjálfstæðisflokksins í þessum bóluefnum mögulega verið innsigluð með vænni stungu frá AstraZeneca. toti@frettabladid.is

Nú er tími dirfsku og dáða

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar

Þau sem tilheyra efri stéttum íslensks samfélags láta eins og efnahagslegt óréttlæti hafi ekki raunverulegar og hræðilegar afleiðingar fyrir samborgara þeirra.

Íslandi er að miklu leyti stjórnað af hagsmunahópum og það er meiri háttar mál að lenda upp á kant við þá." Svo mælir seðlabankastjóri. Fyrir okkur sem tilheyrum stétt verka- og láglaunafólks er ekkert augljósara. Einnig er augljóst að vinnuaflið tilheyrir ekki þeim hagsmunahópum sem stjórna lýðveldinu. En við þekkjum vel á eigin skinni hvernig það er að lenda upp á kant við stjórana. Sjúkleiki ástandsins birtist hvergi betur en í þeirri augljósu staðreynd að ekkert vekur upp hatur þeirra sem telja sig eigendur Íslands með viðlíka hætti og lýðræðisleg barátta vinnandi fólks fyrir efnahagslegu réttlæti.

Verka- og láglaunafólk á höfuðborgarsvæðinu tekst á við ótrúlegar áskoranir á degi hverjum. Ekki aðeins er því ætlað að komast af á launum sem eru langt undir framfærsluviðmiðum í einni dýrustu borg veraldar eða lifa á atvinnuleysisbótum sem eru skelfilega lágar. Nei, því er líka boðið upp á al-gróðavæddan húsnæðismarkað forréttindafólks. Þau sem tilheyra efri stéttum íslensks samfélags láta eins og efnahagslegt óréttlæti hafi ekki raunverulegar og hræðilegar afleiðingar fyrir samborgara þeirra. Þau láta eins og þau skilji ekki að þjóðfélag sem leyfir stéttaskiptingu og misskiptingu að festast í sessi og endurframleiðast á milli kynslóða er „ógeðslegt þjóðfélag" sem svíkur vinnuaflið og börn þess um sanngirni og réttlæti. Með þessu opinbera þau algjöran skort á veruleikatengingu, skort sem aðeins þau sem hafa allt til alls geta leyft sér.

Þau sem hafa efnahagsleg eða pólitísk völd óttast breytingar meira en allt. Þau fela ótta sinn undir hótunum eða orðagjálfri. En við sem tilheyrum stétt verka- og láglaunafólks höfum ekkert að óttast. Nema óbreytt ástand. Við ætlum ekki að sætta okkur við stjórnlausa tilætlunarsemi valdastéttarinnar í okkar garð. Betra, lýðræðislegra og réttlátara Ísland sem ekki er stjórnað í þágu hinna ríku er mögulegt. Það er vissulega stórt mál að berjast við hagsmunahópana en með samstöðuna að vopni getur sigurinn orðið okkar.

Sjáumst í stéttabaráttunni, gleðilegan baráttudag verkalýðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ríkisvald utan réttarríkis

Í DAG

Þorlindur Kjartansson

Ef kapítalisminn hefði samvisku þá hefði hann sitthvað á henni. Hann hefur til að mynda séð okkur fyrir botnlausum aðgangi að sjónvarpsefni um innihaldsrýrt líf eiginkvenna auðmanna í ýmsum borgum og úthverfum Bandaríkjanna en finnur ekki út úr því að síminn manns tengist við rétt bluetooth tæki. Þetta hefur leitt til þess að helmingur allra símtala nú til dags fer í einhvers konar gól um það hvort fólk heyri í viðmælandanum. „Heyrirðu núna? Já ok. Sorrí, var að setjast inn í bíl. En núna? Halló? Í hvaða tæki á ég að tala? Ertu þarna ennþá?“

En þetta eru auðvitað smáatriði. Kapítalistar hafa vitaskuld framið margfalt stærri glæpi en að sjá almenningi ekki fyrir nægilega snurðulausum samskiptum við jaðartæki. Dæmin eru fjölmörg um heim allan þar sem græðgi og skammsýni hafa leitt fjármagnseigendur og fyrirtæki út í alls konar vafasama og jafnvel glæpsamlega hegðun. Samt er líklegt að kapítalisminn standist sama próf og lýðræðið — að vera versta efnahagskerfið sem fundið hefur verið upp fyrir utan öll hin.

Afl fjármagnsins

Hugtakið kapítalismi þýðir ef til vill ekki það sama í hugum allra. Ein leið til þess að skilgreina kapítalisma er að það sé kerfi þar sem fjármagn hefur afgerandi áhrif á það hvaða verkefni eru framkvæmd í samfélaginu og hver ekki. Peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal í kapítalísku samfélagi — og í þeirri setningu felst líka ágæt áminning um hvað peningar eru ekki. Þeir hafa einungis gildi fyrir þær sakir að hægt er að nota þá til þess að láta hluti gerast, en eru að öðru leyti eins og hver önnur mælieining. Rétt eins og það er hitinn sem yljar okkur á sumardögum, en ekki hitastigið — þá eru það vörurnar, þjónustan og upplifanirnar sem fyrir hann fást sem hafa gildi en ekki sjálfur peningurinn.

Það er þess vegna í raun máttur peninganna, en ekki aurinn sjálfur, sem gerir það að verkum að miklir fjármunir geta gert menn að öpum. Mikil völd eru vandmeðfarin, hvernig svo sem þau völd eru fengin. Þeir sem hafa mikil völd af því þeir hafa eignast mikla fjármuni geta reynst skeinuhættir samfélagi sínu og það er mikilvægt að umgjörð laga og reglna sé með þeim hætti að slíkum einstaklingum og fyrirtækjum sé markaður eðlilegur rammi.

Vald ríkisins

Það eru aðrar leiðir en fjármagn til að ákveða hvernig forgangsraða eigi verkefnum í samfélaginu. Stundum á vel við að notast við lýðræðið eða einhvers konar pólitíska vilja. Í því leynast þó líka hættur. Því fyrir þá sem hafa miklar áhyggjur af misnotkun valda er því ekki endilega nærtækast að hafa áhyggjur af misnotkun ríka fólksins á áhrifum sínum — þótt sannarlega sé tilefni til þess að hafa varann á gagnvart því. Miklu meiri hætta stafar nefnilega af misbeitingu ríkisvaldsins sjálfs gagnvart borgurunum. Ríkisvald hefur einkaleyfi til að beita löglega ofbeldi til þess að ná sínu fram.

Þess vegna eru stærstu og mikilvægustu skrefin í mannréttindaþróun síðustu alda að veita einstaklingum og einkaaðilum sjálfstæð og algjör réttindi gagnvart hinu yfirþyrmandi ríkisvaldi.

Kóngafólk og landshöfðingjar fyrri tíma gátu farið fram gagnvart almenningi þannig að þeir þyrftu aldrei að hafa áhyggjur af því að standa reikningsskil gjörða sinna. Sá sem stóð eftir niðurlægður, rændur og laminn eftir fantaskap embættismanna á fyrri öldum gat lítið annað gert en að bíta á jaxlinn. Því miður er staðan enn þannig víða um heim.

Varnarleysi gagnvart yfirvaldi

Anga af svona hegðun má reglulega sjá í framferði lögreglunnar í Bandaríkjunum. Fjölmörg dæmi eru um að lögreglan komist upp með jafnvel mjög augljós ofbeldisbrot gagnvart varnarlausum almenningi. Þar í landi var lögregluþjónn nýverið dæmdur fyrir morð, en um niðurstöðu réttarhaldanna var mikill efi þótt öll heimsbyggðin hafi séð upptökur af fantabrögðunum sem leiddu til dauða George Floyd, mannsins sem verið var að handtaka. Því er haldið fram að ef ekki hefði verið fyrir þessa upptöku, sem unglingur tók á símann sinn, sé nánast óhugsandi að lögregluþjónninn hefði fengið dóm fyrir valdbeitinguna. Það er áhugavert að í Bandaríkjunum er ekki aðeins til staðar umræða um valdbeitingu lögreglunnar, heldur eru einnig háværar raddir á hinum enda rófsins sem telja að löggæslan þar sé vængstýfð vegna ótæpilegra möguleika almennra borgara til kvartana og lögsókna yfir framferði lögregluþjóna.

Og þótt fréttir af lögregluofbeldi í Bandaríkjunum séu algengar þá er hinn sorglegi sannleikur að mjög víða í heiminum tíðkast að laganna verðir misbeita aðstöðu og valdi og víða geta almennir borgarar ekkert annað gert en að bíta á jaxlinn.

Allt vald spillir

Vandinn við valdamikla kapítalista er ekki að þeir séu kapítalistar heldur að þeir séu valdamiklir. Hið sama má segja um valdamikla embættismenn — hættan felst ekki í því að þeir séu embættismenn, heldur í því að þeir geti orðið of valdamiklir.

Réttarríkið og mannréttindi eru vörn venjulegs fólks fyrir þeim sem fara með mikil völd eða geta beitt valdi og ofbeldi. Þetta eru þær stoðir sem allt frelsi, jafnrétti og bræðralag meðal manna byggist á. Vangaveltur um að gera embættismenn ábyrgðarlausa gagnvart lögum — þannig að ekki sé hægt að leita réttar síns gagnvart þeim ef þeir misbeita valdi sínu — er mjög slæm. Hún er í raun jafnslæm, eða verri, heldur en hugmyndir (sem enginn hefur) um að auðmenn geti raunverulega keypt sig fram hjá réttarríkinu.

Þegar kemur að því að bera saman tjónið sem valdagírugir kapítalistar geta valdið innan ramma réttarríkis við skaðann sem handhafar ríkisvaldsins geta gert ef þeir eru staðsettir fyrir ofan lögin, þá er himinn og haf þar á milli.

Ríkisvald utan réttarríkisins mun ætíð enda í martröð, sama hversu vel það kann að vera meint í upphafi.

Stærsta verkefnið

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Í upphafi vikunnar bárust þær ánægjulegu fréttir frá Umhverfisstofnun að losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands hefði dregist saman um 2% milli 2018 og 2019 sem er mesti samdráttur milli ára frá 2012. Þróun í bindingu í skóglendi er líka mjög jákvæð en hún jókst um 10,7% frá 2018 til 2019 og hefur nú náð sögulegu hámarki frá 1990.

Þessar tölur hvetja okkur til frekari dáða í loftslagmálum. Þó að við höfum hugsað um fátt annað en kórónuveiruna undanfarin misseri þá er loftslagsváin enn okkar stærsta áskorun og brýnt að halda áfram á sömu braut. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar eru loftslagsmálin í algjörum forgangi. Fyrsta aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum var lögð fram 2018 og uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem stjórnvöld lögðu fram í fyrra varðar leiðina að frekari árangri. Í henni eru settar fram fjölmargar aðgerðir á öllum sviðum sem í fyrsta sinn eru metnar með tilliti til árangurs. Þá hefur aldrei verið veitt meira fjármagni til málaflokksins en á þessu kjörtímabili. Og til að mæta nýjum og metnaðarfyllri skuldbindingum okkar í loftslagsmálum sem kynntar voru í desember síðastliðnum bættum við enn frekar í aðgerðir og fjármagn til málaflokksins í nýrri fjármálaáætlun sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Nýjar aðferðir í bindingu

Í vikunni heimsóttu ráðherrar í ríkisstjórninni Carbfix sem er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur. Carbfix byggist á íslensku hugviti sem gengur út á að fanga koldíoxíð og aðrar vatnsleysanlegar gastegundir eins og brennisteinsvetni úr útblæstri og binda í steindir í bergi á umhverfisvænan hátt. Aðferðafræðin er einstök á heimsvísu og getur orðið mikilvægt framlag í baráttunni gegn loftslagsvánni. Munurinn á þessari aðferð og því að geyma koldíoxíð í stórum gasgeymum – sem margar þjóðir gera nú tilraunir með – er sá að með henni er koldíoxíðinu fargað varanlega á mun öruggari hátt með því að umbreyta því í berg. Þetta er í raun náttúrulegt ferli sem einfaldlega er flýtt með aðstoð tækninnar. Við hlið Carbfix á Hellisheiði hefur svo svissneska nýsköpunarfyrirtækið Climeworks hafið uppbyggingu á nýrri verksmiðju sem byggir á þeirri tækni að fanga kolefni beint úr andrúmsloftinu. Það nýtir sér svo íslenska hugvitið hjá Carbfix til að farga kolefninu með því að binda það í basaltberg.

> **Þó að við höfum hugsað um fátt annað en kórónuveiruna undanfarin misseri þá er loftslagsváin enn okkar stærsta áskorun og brýnt að halda áfram á sömu braut.**

Þessi merkilega nýsköpun er viðbót við aðrar aðferðir sem við Íslendingar höfum beitt til að binda kolefni en við höfum staðið framarlega í náttúrulegum lausnum til kolefnisbindingar eins og landgræðslu og skógrækt og höfum verið óþreytandi við að tala fyrir þeim á alþjóðavettvangi.

Samstarf stjórnmála og vísinda

Kolefnisbinding ásamt samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda mun verða lífsnauðsynleg til að sporna gegn loftslagsbreytingum á næstu áratugum. Við höfum sýnt það í þessum heimsfaraldri að mannkynið er fullfært um að ná ótrúlegum árangri þegar hætta steðjar að. Við þurfum að ná sama árangri gegn loftslagsvánni og læra af því sem við höfum gert í faraldrinum – vísindamenn, fagfólk, stjórnmálamenn, atvinnulíf og almenningur – við þurfum öll að vinna saman til að ná markmiðum okkar og tryggja öruggan, sjálfbæran heim fyrir komandi kynslóðir.

Loftslagsmálin voru eitt af stóru málunum í stefnuskrá Vinstri grænna fyrir síðustu kosningar. Þau munu áfram verða það og ég er sannfærð um að sú stefna sem nú hefur verið mörkuð og þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, byggi mikilvægan grunn að árangri Íslands í loftslagsmálum. Verkefnið er hins vegar gríðarstórt og meira mun þurfa til – en ef við höldum áfram á sömu braut mun það skila frekari árangri og Ísland leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsvánni – stærsta verkefni samtímans.

Valur vann titilinn síðasta haust.

Valsmenn hefja titilvörn sína

FÓTBOLTI Valur fær ÍA í heimsókn á Origo-völlinn að Hlíðarenda í kvöld í fyrsta leik keppnistímabilsins á Íslandsmótinu í knattspyrnu karla.

Liðunum er spáð ólíku gengi. á meðan flestir telja að Valur, sem er ríkjandi Íslandsmeistari, muni berjast um titilinn eru margir á því að Skagamenn verði í fallbaráttu.

Leikmenn ÍA eiga reyndar góðar minningar frá ferð sinni að Hlíðarenda frá því í fyrra þegar gestirnir af Skaganum unnu góðan 4-1 sigur.

Sumarið 2019 vann svo ÍA, 2-1, í leik liðanna á Valsvellinum. Frá árinu 2000 hafa liðin mæst 26 sinnum í efstu deild. Valur hefur haft betur 12 sinnum, fjórum sinnum hafa liðin gert jafntefli og ÍA sigrað 10 sinnum.

» Skagamenn hafa misst úr sínum röðum tvo leikmenn sem skoruðu 20 mörk í deildinni síðastliðið sumar.

Tryggvi Hrafn Haraldsson, sem skoraði 12 mörk fyrir Skagamenn í deildinni síðasta sumar, gekk til liðs við Val síðasta haust. Tryggvi fótbrotnaði fyrr á þessu ári og verður ekki með í upphafi tímabilsins. Skagamaðurinn Arnór Smárason, sem kom til Vals frá Lilleström fyrir þetta tímabil, verður einnig fjarri góðu gamni í þessum leik.

Í herbúðum ÍA eru allir klárir í slaginn fyrir en Sindri Snær Magnússon er þó tæpur vegna ökklameiðsla. Skagaliðið hefur auk Tryggva misst Stefán Teit Þórðarson frá síðustu leiktíð. Tryggvi Hrafn og Stefán Teitur skoruðu 20 af 39 mörkum ÍA í deildinni síðustu sumar. **– hó**

Dæmdur fyrir að eiga og dreifa barnaklámi

DÓMSMÁL Christopher Metzelder, fyrrverandi landsliðsmaður Þýskalands í fótbolta, var í gær dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu og dreifingu barnakláms.

Metzelder, sem lék til að mynda með Borussia Dortmund, Real Madrid og Schalke á ferli sínum, var hnepptur í varðhald haustið 2019.

Við húsleit á heimili Metzelder fundust um það bil þrjú hundruð myndir og myndbönd sem innihéldu barnaklám. Dómur þessa fertuga manns var mildaður þar sem hann var með hreinan sakaferil.

Metzelder, sem hefur síðustu 15 ár rekið eigin samtök sem styðja við börn í Þýskalandi sem eiga við félagslega erfiðleika að etja, kveðst ekki hafa brotið gegn börnum sjálfur.

Varnarmaðurinn tapaði í úrslitaleik HM með þýska liðinu árið 2002 og vann síðan brons 2006. **– hó**

Ætla að nýta svekkelsið í rétta átt á lokaspretti tímabilsins

Martin Hermannsson og samherjar hans hjá Valencia eru með óbragð í munninum eftir að hafa verið grátlega nærri því að komast í úrslitakeppni Euro League. Þá hefur gengið í spænsku deildinni verið undir pari. Markmiðið er að hysja upp um sig buxurnar og gera atlögu að spænska meistaratitlinum.

Martin Hermannsson er að spila á sínu fyrsta keppnistímabili með spænska liðinu Valencia. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

KÖRFUBOLTI Martin Hermannsson snéri aftur inn á körfuboltavöllinn með liði sínu, Valencia, þegar liðið lagði RETAbet Bilbao í spænsku úrvalsdeildinni um síðustu helgi. Martin tognaði á kálfavöðva í leik Valencia gegn Barcelona um miðjan mars og hefur landsliðsmaðurinn verið fjarri góðu gamni síðan þá.

„Það var mjög góð tilfinning að komast aftur inn á völlinn. Ég var búinn að vera heill vikuna áður en að þessum leik kom en þar sem það var góður taktur í liðinu og það gekk vel í leikjunum á þeim tímapunkti þá var ákveðið að bíða aðeins með endurkomuna hjá mér.

Ég kom svo inn í leikinn gegn Bilbao þar sem við byrjuðum rólega. Ég náði að koma inn með krafti og innkoma mín átti þátt í að snúa leiknum okkur í hag sem var bara hið besta mál," segir Martin um fyrsta leikinn hjá sér í rúman mánuð.

„Við höfum verið helst til sveiflukenndir á þessu tímabili og það svíður ennþá að hafa ekki náð að komast í úrslitakeppnina í Euro League. Það var markmiðið að komast þangað og 19 sigurleikir duga vanalega til þess að gera það.

Það var bara einn sigur sem skildi að og maður hefur verið að fara yfir nokkra leiki í huganum þar sem við hefðum getað gert betur. Við náðum að vinna öll liðin í Euro League einu sinni í vetur og sýndum að við eigum klárlega heima í þessari sterkustu félagsliðadeild Evrópu.

Forráðamenn Valencia hækkuðu launakostnaðinn og fengu til sín leikmenn síðasta sumar með það að leiðarljósi að gera sig gildandi í Euro League. Ég held að árangur okkar í vetur skili okkur sæti í deildinni á næstu leiktíð og þá mætum við reynslunni ríkari," segir hann.

Valencia hefur ekki áður náð að komast alla leið í Euro League en liðið hefur aftur á móti unnið Euro Cup fjórum sinnum, árin 2003, 2010, 2014 og 2019. Þá hefur Valencia einu sinni orðið spænskur meistari en það var árið 2017.

»» Það er mjög gaman að spila í þannig umhverfi og ég hlakka til að spila í úrslitakeppninni.

Martin Hermannsson

„Eftir að við féllum úr leik í Euro League höfum við haft betur í sex deildarleikjum í röð. Við höfum náð nokkrum sigurhrinum yfir leiktíðina og náð nokkrum góðum köflum.

Það hefur hins vegar vantað upp á stöðugleika en margir tapleikir í deildinni hafa komið í kjölfar leikja í Euro League. Nú er einbeitingin bara á deildinni hjá landa og við sleppum við ferðalögin milla landa.

Ég finn það alveg að við erum ferskari og svo eru leikmenn sem hafa verið meiddir í vetur að ná sér af þeim meiðslum. Það eru allir klárir í slaginn fyrir lokasprettinn og ég er bara bjartsýnn á að við klárum þetta með stæl," segir Martin.

„Það lítur út fyrir að við mætum Baskonia, sem var einnig í Euro League, í átta liða úrslitum og svo Barcelona eða Real Madrid ef við klárum það einvígi. Þetta eru sömu andstæðingarnir og Valencia mætti þegar liðið fór alla leið vorið 2017.

Við erum með svipað lið og Baskonia og við höfum lagt Barcelona og Real Madrid að velli á þessu tímabili. Við getum alveg farið í úrslitaviðureignina en það ræðst bara á gamla góða dagsforminu og hvernig málin þróast með meiðsli og annað," segir bakvörðurinn.

„Spænska efsta deildin er sterkasta landsdeildin í Evrópu og ólíkt því sem var í Þýskalandi þá getur þú aldrei slakað á án þess að vera refsað. Þeir leikmenn sem spila í liðunum í neðri hlutanum vilja spila fyrir Valencia og freista þess að sýna sig og sanna í leikjum á móti okkur.

Það er mjög gaman að spila í þannig umhverfi og ég hlakka til að spila í úrslitakeppninni. Gengi okkar í deildarkeppninni er undir væntingum og stefnan er að bæta upp fyrir það í úrslitakeppninni," segir þessi 26 ára gamli leikmaður.

Valencia situr í fimmta sæti spænsku úrvalsdeildarinnar þegar liðið á eftir að spila fimm leiki í deildinni.

Martin og félagar mæta UCAM Murcia í deildarleik í kvöld. **hjorvaro@frettabladid.is**

Íslenska liðinu tókst ekki að sýna sitt rétta andlit

HANDBOLTI Forráðamenn Handboltasambands Íslands, HSÍ, þurfa að fresta því um nokkra daga að panta flug og hótel í Slóvakíu og Ungverjalandi þar sem Ísland tapaði, 29-27, fyrir Litháen þegar liðin mættust í Vilnius í gær.

Íslenska liðið byrjaði afar illa en þegar rúmur stundarfjórðungur var liðinn af leiknum var staðan 11-4 Litháen í vil. Varnarleikur Íslands var afskaplega slakur og Aidenas Malasinskak, sem skoraði 12 mörk í leiknum, átti trekk í trekk greiða leið í gegnum miðja vörn íslenska liðsins.

Hægt og bítandi náðu leikmenn Íslands hins vegar að koma sér inn í leikinn og minnkuðu muninn í eitt mark. Munaði þar miklu um innkomu Ágústs Elís Björgvinssonar í íslenska markið en hann varði níu skot í leiknum.

Tapaðir boltar komu aftur á móti í veg fyrir að íslenska liðið næði í stigið sem þarf til þess að tryggja sætið á 12. lokakeppni Evrópumótsins í röð.

Íslenska liðið átti í erfiðleikum með vörn Litháen í leiknum. MYND/AÐSEND

Vinstri vængur íslenska liðsins skilaði sínu verki sómasamlega í þessum leik en Aron Pálmarsson var markahæstur með átta mörk, Bjarki Már Elísson kom næstur með sex mörk og Ólafur Andrés Guðmundsson bætti fjórum mörkum við í sarpinn.

Auk þess að skora mest skapaði Aron sex færi fyrir samherja sína og fimm af þeim sendingum urðu að mörkum. Ólafur Andrés skapaði svo fjögur færi og gaf þrjár stoðsendingar.

»» Ísland þarf eitt stig til þess að gulltryggja sæti sitt á EM.

Sveinn Jóhannsson átti góða innkomu á báðum endum vallarins en hann lék vel í miðri vörninni og skilaði þremur mörkum hinum megin á vellinum.

Farseðillinn í lokakeppni Evrópumótsins er ennþá í höndum íslenska liðsins en liðið þarf jafntefli eða sigur þegar Ísraelar koma í heimsókn á Ásvelli í lokaumferð undankeppninnar á sunnudaginn kemur.

Toppsætið veltur hins vegar á því hvort Litháen tekst að leggja Portúgal að velli í lokaumferðinni eður ei. **– hó**

“

Það er best að ég hafi

rútínu

á hverjum degi til að líða vel

Kauptu næluna á blarapril.is

Einhverfa er alls konar

Birtingarmyndir einhverfu eru afar breytilegar og miðast að því hvernig einstaklingurinn skynjar sjálfan sig og veröldina í kringum sig. Einhverfu fylgja líka áskoranir þar sem fræðsla og stuðningur skipta höfuðmáli.

Þegar þú styrkir Bláan apríl leggur þú börnum með einhverfu og fjölskyldum þeirra lið með ómetanlegum hætti.

BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

30. APRÍL 2021 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1948 Fyrsti Land Rover-jeppinn er sýndur á bílasýningu í Amsterdam.

1957 Norrænu skíðalandskeppninni lýkur. Þá hafa 14% Íslendinga tekið þátt og gengið fjóra kílómetra á skíðum. Á Ólafsfirði var þátttakan 67%.

1966 Hótel Loftleiðir er opnað í Reykjavík, sextán mánuðum eftir að framkvæmdir hefjast.

1991 Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks tekur við stjórnartaumunum. Davíð Oddsson er forsætisráðherra.

1993 Alþingi samþykkir fyrstu lög á Íslandi þar sem kveðið er á um meginreglur opinberrar stjórnsýslu.

1994 Árbæjarlaug er opnuð.

Hjartans þakkir til allra þeirra sem veittu okkur styrk og sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts

Brynjars Gunnarssonar

Sérstakar þakkir eru til allra þeirra sem gerðu útförina að fallegri minningu um ljúfan dreng, ÍR-inga sem stóðu heiðursvörð og allra þeirra sem heiðruðu minningu Brynjars á einn eða annan hátt.

Stefanía Rafnsdóttir Máni Brynjarsson
og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, stjúpmóðir, systir og mágkona,

Sigríður Sveinsdóttir
píanókennari,
Espigerði 4,

verður jarðsungin frá Seljakirkju mánudaginn 3. maí kl. 13.00.
Aðeins nánustu ættingjar og vinir verða viðstödd.
Streymt verður frá athöfninni á slóð: seljakirkja.is.

Kristín Guðmundsdóttir
Gerður Guðmundsdóttir Jón Pétur Jónsson
Helga Guðmundsdóttir Arnþór Sigurðsson
Helga Sveinsdóttir Valdimar Guðnason
Jón R. Sveinsson Guðrún Óskarsdóttir
og barnabörn.

Útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Unnar Karlsdóttur
Básbryggju 51, Reykjavík,

fer fram í Garðakirkju laugardaginn 1. maí kl. 13.00.
Vegna samkomutakmarkana verður streymt frá athöfninni. Hlekk á streymið má nálgast á Facebook-viðburðinum: Útför Unnar Karlsdóttur.

Úlfur Þór Ragnarsson
Karl Ágúst Úlfsson Ágústa Skúladóttir
Inga Úlfsdóttir Ragnar S. Ragnarsson
Linda Rán Úlfsdóttir Sigurður Ingi Jónsson
barnabörn og langömmubörn.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Thoroddsen
flugstjóri og listflugmaður,

lést fimmtudaginn 22. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Margret Linda Björnson
Kristín Thoroddsen Steinarr Bragason
Hrafn Thoroddsen Hrönn H. Hinriksdóttir
Halla Thoroddsen
Helga Thoroddsen James Roche
Ásta Hallgrímsdóttir
Sif Hauksdóttir Gröndal
Gunnlaugur Björnsson Thoroddsen
Gestur Björnsson Thoroddsen
Þórdís Björnsdóttir Thoroddsen Ómar Emilsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Páll við skrifborðið á Feyki. Meðal þess skemmtilegasta á ferlinum til þessa er að fylgja Dorrit um Skagafjörð.
MYND/ÓLI ARNAR BRYNJARSSON

Blöð spegla samtíma sinn

Fréttablaðið Feykir er fertugt um þessar mundir og er þess minnst með sýningu í Safnahúsi Skagfirðinga sem er hluti af dagskrá Sæluviku. Páll Friðriksson er ritstjóri.

Ætli ég sé ekki búinn að vera hér á Feyki í ellefu ár?“ segir Páll Friðriksson ritstjóri aðspurður. „Ég byrjaði sem blaðamaður 2008 og tók við ritstjórn þremur árum síðar. En þreyttist og fór í sútunarverksmiðjuna í tvö ár, þá var ég spurður hvort ég væri ekki búinn að hvíla mig nóg, það vantaði ritstjóra og ég sló til. Þó maður sé auðvitað alltaf í vinnunni ákvað ég þá að reyna að kúpla mig stundum út og hlaða batteríin.“

Það sem Páli er minnisstæðast af ferlinum á Feyki eru atburðir á fyrsta starfsárinu. Fyrst heimsókn Ólafs Ragnars og Dorritar í Skagafjörð í apríl 2008. „Ég var sendur til að taka mynd af forsetahjónunum í Fjölbrautaskólanum en gat ekki slitið mig frá þeim og elti þau um allt hérað þar sem Dorrit fór á kostum og heillaði alla. Ólafur sinnti sínum skyldustörfum en sté svo til hliðar þar sem Dorrit lék á als oddi.“

Tveimur mánuðum síðar segir Páll tvo hvítabirni hafa gengið á land. „Sá fyrri sást í byrjun júní við Þverárfjallsveg en hinn gekk á land á Hrauni á Skaga. Sá fyrri var felldur án nokkurrar umhugsunar en þeim seinni átti að reyna að bjarga, í boði ríkisstjórnarinnar, en það tókst ekki.“

Bæði prent-og netmiðill

Blaðið Feykir kemur út vikulega í tólf síðna prentuðu formi, svo er Feykir líka netmiðill. „Af því blaðið er áskrifendablað vil ég að lesendur þess sjái efnið áður en það fer á netið. Það eru þeir sem borga laun okkar starfsmanna. Auglýsingar ná ekki að halda útgáfunni uppi,“ segir Páll. „Fyrirtækið Nýprent sem gefur út Feyki heldur líka úti auglýsingablaðinu Sjónhorni sem fer inn á öll heimili í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu. Það er bæði galli og kostur fyrir Feyki. Stundum er hægt að fá auglýsingar í hann með því að auglýsa líka í Sjónhorni.“

Nú sendir enginn greinar inn lengur nema fyrir kosningar. En við erum með dálk sem heitir Áskorandapenninn og hann hefur gengið furðu vel, það er sárasjaldan sem keðjan hefur rofnað.

Flestir áskrifendur Feykis eru í Skagafirði og Húnavatnssýslum að sögn Páls. „Brottfluttir halda líka tryggð við blaðið svo mörg eintök fara á höfuðborgarsvæðið og eitt og eitt á aðra staði. Fólki þykir vænt um blaðið og við sem skrifum í það reynum að gera okkar besta. En vandi blaðamannsins er oft sá að hann fær ekki tíma til að leggja þá vinnu í efnið sem hann vildi.“

Afmælissýning

Safnahúsið á Sauðárkróki er með sýningu í tengslum við 40 ára afmæli Feykis enda geymir blaðið miklar heimildir um lífið á svæðinu. Fólk getur fengið efni í símann sinn og hlustað á hlaðvörp, að sögn Páls, meðal annars viðtal við fyrsta ritstjórann, Baldur Hafstað.

„Blöð spegla samtíma sinn. Þegar Feykir var að komast á laggirnar var mikið um að vera í fjórðungnum, skólahald að byggjast upp, bæði í Fjölbraut og á Hólum þar sem það hafði legið niðri í tvö ár þegar Jón Bjarnason, síðar ráðherra, reif það upp. Blönduvirkjun var að fara í gang og það var tekist á um það mál,“ rifjar Páll upp. „Ritstjórar komu svolítið og fóru framan af en skólastjóri Fjölbrautaskólans, Jón F. Hjartarson, var öflugur í útgáfunni og kennarar við skólann. Þá komu líka aðsendar greinar þar sem fólk skiptist á skoðunum um málefni byggðarlagsins. Nú sendir enginn greinar inn lengur nema fyrir kosningar. En við erum með dálk sem heitir Áskorandapenninn og hann hefur gengið furðu vel, það er sárasjaldan sem keðjan hefur rofnað.“

Skagfirðingur

Páll kveðst hafa átt heima á Sauðárkróki allt sitt líf. „Foreldrar mínir eru báðir Skagfirðingar. Ég fer ekkert lengra aftur en það því þá er ég kominn í Eyjafjörðinn!“ segir hann og kveðst þekkja flesta Skagfirðinga. „Ég er lærður kjötiðnaðarmaður, vann mikið í sláturhúsinu og þar kynntist ég mörgum bændum. Það hefur nýst mér en ég fer æ minna út úr húsi í efnisöflun, sérstaklega eftir að kófið kom.“

gun@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 30. apríl 2021



Norðurál leitar sífellt leiða til að draga úr umhverfisáhrifum og hefur starfsfólk fyrirtækisins tekið virkan þátt í þeirri vegferð. MYND/AÐSEND

Umhverfismál snúast um ábyrgð

Norðurál á Grundartanga fer ýmsar leiðir til þess að draga úr umhverfisáhrifum í rekstri sínum. Fyrirtækið hefur sett sér metnaðarfull markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra úrgangsefna og er það þegar farið að skila umtalsverðum árangri. 2

„Það skiptir okkur miklu máli að vera ábyrg í öllu því sem við gerum, hvort sem það snýr að samfélaginu, efnahagslífinu eða umhverfinu, og við verjum á hverju ári miklum tíma og fjármagni í að ná því marki. Mín skoðun er nefnilega sú að umhverfismál snúist um ábyrgð og ábyrgðartilfinningu. Það er ekki nóg að haka í einhver box – þú verður alltaf að leita leiða til að gera enn betur," segir Steinunn Dögg Steinsson, framkvæmdastjóri öryggis- og umhverfissviðs.

Umtalsvert minni losun

„Norðurál leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið og við reynum að stuðla að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið um að losun gróðurhúsalofttegunda utan viðskiptakerfis ESB skuli árið 2030 hafa dregist saman um a.m.k. 40% miðað við árið 2015. Jafnframt skuli urðun á blönduðum úrgangi hafa dregist saman um minnst 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2015," segir Steinunn.

Aðgerðaáætlun Norðuráls í loftslagsmálum samanstendur af 10 aðgerðum sem er ætlað að vera leiðarvísir fyrirtækisins að settu marki. „Nú þegar hefur góður árangur náðst. Losun gróðurhúsalofttegunda sem áætlunin nær til hefur dregist saman um 29% og úrgangsmagn um 2%. Þessi árangur er starfsmönnum Norðuráls hvatning til að halda áfram ötulu starfi við að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar."

Steinunn segir að framleiðsla áls á Íslandi sé í algerum sérflokki á heimsvísu hvað varðar umhverfismál. „Við erum í þeirri einstöku aðstöðu að geta notað endurnýjanlega raforku, sem unnin er á sjálfbæran hátt. Það eru afar fá lönd sem bjóða upp á slíkt og þetta þýðir að álið okkar er með því umhverfisvænasta sem býðst."

Hún segir að þrátt fyrir þetta hafi Norðurál viljað ganga lengra og sjá hvað hægt væri að ná kolefnisfótspori álframleiðslu langt niður. „Við fórum því í gegnum allt framleiðsluferlið í því skyni að mæla og skrásetja umhverfisáhrif allra hlekkjanna í framleiðslukeðjunni, allt frá því að súrálið er grafið upp og þar til fullunnið ál er komið til viðskiptavinar. Þessi vinna var forsenda þess að geta svo hagað innkaupum og hannað framleiðsluferlið til að lágmarka umhverfisáhrifin almennt," segir Steinunn.

„Afraksturinn var Natur-Al. Ál undir merkjum Natur-Al hefur kolefnisspor sem jafngildir 4 tonnum af koldíoxíði á hvert tonn af áli, og er þar allt tekið með í reikninginn – frá öflun báxíts og vinnslu áloxíðs til álvinnslu og flutnings alla leið til kaupanda. Heildarlosun kolefnisígilda við framleiðslu Natur-Al er innan við fjórðungur af meðallosun álframleiðslu í heiminum, sem er um 18 tonn á hvert tonn af áli. Við erum gríðarlega stolt af þessum árangri og teljum að framleiðsla sem þessi geti veitt íslensku áli verulegt samkeppnisforskot."

Steinunn nefnir einnig að Norðurál á Grundartanga hlaut nýverið hina alþjóðlegu ASI-vottun um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst þeirra álfyrirtækja sem starfa á Íslandi. „Vottunin staðfestir að Norðurál stenst ítrustu kröfur um samfélagslega ábyrgð, heiðarlega viðskiptahætti, umhverfisvænt hráefni og framleiðslu. Það sem ASI-staðallinn gengur út á er að búa til ákveðnar leikreglur fyrir alla virðiskeðjuna, frá báxíti til afurðarinnar sem þú ert að afhenda, hvort sem það er súrálið, álið eða Nespresso-hylkin."

Áhrifin af vottuninni eru bæði margþætt og mikilvæg. „Þetta gengur út á miklu meira en bara umhverfisáhrif, þetta eru líka samfélagsleg áhrif og hvernig við stýrum fyrirtækinu. Þetta er yfirgripsmikið og við erum ofboðslega stolt af þessu. Við erum búin að vera að vinna í langan tíma að því að fá utanaðkomandi staðfestingu á að við erum nákvæmlega það fyrirtæki sem við segjumst vera – fyrirtæki sem rekið er af ábyrgð og í sátt við samfélag og umhverfi."

Norðurál er með tvenns konar umhverfisbókhald en fyrirtækið hefur náð gríðarlega góðum árangri á sviði umhverfismála síðustu ár. MYNDIR/AÐSENDAR

Steinunn Dögg Steinsen, framkvæmdastjóri öryggis- og umhverfissviðs Norðuráls, segir starfsfólk fyrirtækisins ákaflega stolt af þeim árangri sem náðst hefur.

Álið frá Norðuráli er með því umhverfisvænasta sem býðst.

Norðurál var fyrst íslenskra álvera til að hljóta ASI-vottun.

Tvenns konar umhverfisbókhald

Steinunn segir að grunnforsenda þess að geta sett sér umhverfismarkmið og náð þeim sé að mæla mjög nákvæmlega umhverfisáhrif rekstursins. „Við framleiðslu áls með rafgreiningu verður til losun sem hefur bæði hnattræn og staðbundin áhrif. Frá upphafi reksturs okkar hafa óháðir aðilar fylgst mjög náið með allri losun okkar og áhrifum á umhverfið. Við birtum svo niðurstöður mælinganna opinberlega á hverju ári. Við höldum vel utan um þetta allt."

Umhverfisáhrif starfseminnar eru tvíþætt. „Annars vegar eru það umhverfisáhrif sem fylgja álframleiðslunni sjálfri og svo umhverfisáhrifin sem fylgja því að vera eins og hvert annað stórt fyrirtæki. Því fylgir úrgangur og losun að reka fyrirtæki. Við erum því í raun með tvenns konar umhverfisbókhald. Annars vegar það sem heldur utan um framleiðsluhlutann og svo hins vegar það sem heldur utan um losun sem verður til við annan rekstur fyrirtækisins," útskýrir Steinunn.

„Varðandi losunina sem verður á gróðurhúsalofttegundum í framleiðsluferlinu þá verðum við að skila inn sérbókhaldi um það sem er vottað af Evrópusambandinu og við þurfum að kaupa okkur kvóta fyrir því. Núna var fyrsta tímabilið að klárast og við erum búin að kaupa CO2 kvóta fyrir það sem kemur þar fyrir 1,8 milljarða. Svo erum við með annað kolefnisbókhald sem er þá til dæmis losun á CO2 við akstur til og frá vinnunni og ruslið frá okkur. Þar erum við búin að fjárfesta mikið í orkuskiptum á svæðinu okkar," segir Steinunn.

Umhverfistengdar bónusgreiðslur

Að sögn Steinunnar hefur mikið af þeim árangri sem náðst hefur, verið í gegnum stöðugan rekstur og frábært starfsfólk.

„Margt af því sem við höfum gert hefði aldrei náðst nema fyrir áhuga og þátttöku alls starfsfólksins. Þegar um er að ræða svona umfangsmiklar aðgerðir þurfa öll að vinna saman. Það skiptir allt máli, stórir hlutir og litlir, og þess vegna er mikilvægt að geta virkjað starfsfólk í að breyta venjum sínum, hvort sem það er inni á kaffistofum eða í því hvernig við skiptum um skaut og annað inni í kerskála."

> **„Þetta gengur út á miklu meira en bara umhverfisáhrif, þetta eru líka samfélagsleg áhrif og hvernig við stýrum fyrirtækinu.**

Steinunn segir starfsfólkið hafa verið gríðarlega jákvætt fyrir þessu og tekið heilshugar þátt. „Það er alls ekki sjálfgefið. Við erum stór vinnustaður og framleiðslan okkar er mannaflafrek. Maður nær ekki svona árangri nema við séum öll saman í að leysa það sem við erum að gera."

Hún tekur sem dæmi markmið sem sett var um að minnka olíunotkun í rekstrinum. „Fyrst settum við upp fjórar rafhleðslustöðvar á bílastæðinu og töldum okkur nokkuð rausnarleg. En þær urðu strax umsetnar, því um leið og þetta var í boði fór starfsfólkið okkar að fjárfesta í raf- og tvinnbílum og taka þannig þátt í orkuskiptunum. Á þessum tíma, eða árið 2015, vorum við ekki komin með okkar eigin rafknúnu bíla en þegar við sáum hversu vel þetta gekk þá fórum við strax í að skoða það hvernig við gætum skipt út okkar samferðabílum. Núna eru hleðslustöðvarnar okkar orðnar 32 og á annan tug okkar eigin bíla eru rafknúnir, en betri mælikvarði á árangurinn er að milli áranna 2015 og 2020 dróst olíunotkun okkar saman um 77.600 lítra, eða 14,3%," segir Steinunn.

Hún segir að starfsfólk fái líka umbun ef vel gengur í umhverfismálum. „Allt starfsfólk Norðuráls fær bónusgreiðslur, sem eru meðal annars tengdar frammistöðu fyrirtækisins á sviði umhverfismála. Við trúum því að með árvekni og vitund um áhrif okkar á umhverfið getum við bætt okkur jafnt og þétt í stóru sem smáu."

Samstarf við háskólasamfélagið

Ljóst er að farnar hafa verið ótal leiðir til þess að draga úr umhverfisáhrifum Norðuráls. „Við leggjum mikið upp úr því að flokka sorp og erum alltaf að leita leiða til að finna lausnir og endurnýtanlegar leiðir fyrir það sem við höfum ekki fundið einhvern farveg fyrir. Við höfum meðal annars verið í samstarfi við háskólana um að kortleggja með okkur hvað er að falla til og við erum líka virk í að leita leiða til að lágmarka einnota dót á svæðinu," upplýsir Steinunn.

„Þar getum við verið að tala um einfalda hluti eins og að skipta út einnota plastglösum fyrir margnota bolla, en einnig umfangsmeiri verkefni. Þannig hefur verið í gangi verkefni sem gengur út á að skoða möguleika á föngun og niðurdælingu koldíoxíðs sem kemur frá framleiðslu kerskála með Carbfix. Helsta áskorunin í þessu verkefni er að auka styrk koldíoxíðs í þeim hluta útblástursins sem er fangaður svo hægt sé að notast við aðferð Carbfix. Þetta er nokkuð sem getur haft umtalsverð áhrif á reksturinn og á losunina og við erum mjög spennt fyrir."

Steinunn segir mikinn einhug ríkja meðal starfsfólks fyrirtækisins í þessum efnum.

„Það er svo skemmtilegt hvað öll eru til í að taka þátt í verkefnum sem snúa að því að vera ábyrg og sinna umhverfinu okkar og það hefur alltaf ríkt mikil samstaða um þetta. Lykillinn í rekstri fyrirtækisins er að miða að því hvernig við getum verið ábyrg í því sem við erum að gera og það er svo gaman að taka þátt í starfi þar sem hægt er að hafa áhrif."

Feel Iceland hefur þróað fjórar vörur undir vörumerki sínu, sem innihalda allar hágæða kollagen úr íslenskum fiski. Amino Marine Collagen er hreint kollagenduft, Age Rewind eru hylki til inntöku fyrir húðina og Joint Rewind eru hylki fyrir liðina. Fjórða varan er drykkurinn COLLAB, sem er frá Feel Iceland og Ölgerðinni, en hann er fáanlegur í fimm bragðtegundum. MYND/AÐSEND

Umhverfisvæn fæðubótarefni úr íslensku hráefni

Feel Iceland framleiðir fjögur hágæða fæðubótarefni úr íslensku fiskroði og er að byrja að selja áfyllingar í áskrift að vinsælustu vörunni, Amino Marine Collagen. Vörurnar eru í umhverfivænum umbúðum og lögð var áhersla á samfélagslega ábyrgð við þróun þeirra.

„Við Hrönn Margrét Magnúsdóttir stofnuðum Feel Iceland árið 2013 í Sjávarklasanum, með það að leiðarljósi að auka verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi í formi hágæða vara sem höfðu bæði góð áhrif á heilsu og líðan fólks, sem og umhverfið," segir Kristín Ýr Pétursdóttir, vörumerkjastjóri og annar stofnandi Feel Iceland.

„Rúmu ári seinna leit fyrsta vara Feel Iceland dagsins ljós, hreint hágæða kollagen fæðubótarefni sem var unnið úr íslensku fiskroði, en engar sambærilegar vörur voru á markaðnum á þessum tíma.

Vörur Feel Iceland hafa notið mikilla vinsælda vegna virkni og hreinleika þeirra og þær hafa hlotið erlendar viðurkenningar fyrir sérstöðu sína og gæði, ásamt því að vekja áhuga erlendra fjölmiðla," segir Kristín.

Verðmætasköpun að leiðarljósi

„Okkar tilvist byggist upp á sjálfbærni, nýsköpun og umhverfisvitund og áður en vöruþróun átti sér stað hjá fyrirtækinu var mótuð stefna í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Við erum líka að sjálfsögðu aðilar í Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð," segir Kristín. „Við leggjum mikla áherslu á ábyrga starfshætti þar sem þrjú meginatriði standa upp úr, en þau eru gæði, umhverfi og samfélag.

Feel Iceland hámarkar verðmætasköpun með því að nýta það hráefni sem áður var hent. Með því að nýta roðið er bæði verið að lágmarka sóun og einnig að skapa margfalt meiri verðmæti úr fiskinum," útskýrir Kristín. „Vörur Feel Iceland bera líka með stolti stimpil Iceland Responsible Fisheries, sem er einstakt."

Vörulína í örum vexti

„Feel Iceland hefur þróað fjórar vörur undir vörumerki sínu og það munu fleiri bætast við á árinu. Allar vörurnar innihalda hágæða kollagen sem er unnið úr íslenskum fiski," segir Kristín. „Amino Marine Collagen er hreint kollagenduft sem gott er að blanda út í til dæmis drykki, grauta og jógúrt, Age Rewind eru hylki til inntöku fyrir húðina og Joint Rewind eru hylki fyrir liðina.

Drykkurinn COLLAB er samstarfsverkefni Feel Iceland og Ölgerðarinnar og hann fæst nú í fimm bragðtegundum. Drykkurinn inniheldur íslenskan fisk, er alveg einstakur á heimsvísu og hefur verið tilnefndur til alþjóðlegra verðlauna," segir Kristín.

Kristín Ýr Pétursdóttir er vörumerkjastjóri og annar stofnandi Feel Iceland.

Áhersla á umhverfisvænar umbúðir

„Þegar fyrsta vara okkar kom á markað voru flest fæðubótarefni í plastdunkum, innihéldu ýmis aukefni og það fengust ekki miklar upplýsingar um uppruna innihaldsins," segir Kristín. „Með umhverfisvitund að leiðarljósi tókum við þá ákvörðun að fara allt aðra leið og gera mikið úr innihaldinu og uppruna þess, að verið væri að nýta aukaafurð sem áður var hent og að eitthvað sem áður var talið verðlaust gæti orðið að hágæða vöru.

Við tókum þá ákvörðun að nota ál í stað plasts, sem er mun umhverfisvænna. Orkusparnaðurinn sem næst við endurvinnslu áls er gríðarlegur, en það sparast 95% þeirrar orku sem annars færi í að vinna ál úr hefðbundnu hráefni (báxíti) með endurvinnslunni og álið má endurvinna óendanlega oft.

Fólk á oft erfitt með að henda umbúðunum okkar, en það er alveg óhætt, því það má setja málmhluti beint í tunnuna. Móttöku- og flokkunarstöðvar Sorpu flokka svo með sjálfvirkum hætti málma frá almennu heimilissorpi," útskýrir Kristín. „Best er að setja setja dósirnar samt ekki í sjálfan ruslapokann heldur beint í tunnuna, en það má einnig skila umbúðum Feel Iceland í málmgáma á endurvinnslustöðvum.

Umbúðirnar voru einnig látnar endurspegla gæði vörunnar með því að vera vandaðar og eitthvað sem fólk væri tilbúið til að hafa sýnilegt á heimilinu. Við setjum líka sérstaka límmiða sem auðvelt er að fjarlægja á umbúðir, til að hvetja notendur til að endurnýta dósirnar," segir Kristín.

Áfyllingar í áskrift

„Nú í maí byrjar Feel Iceland að bjóða upp á áfyllingarpoka í áskrift að vinsælustu vöru sinni, Amino Marine Collagen," segir Kristín. „Sú lausn mun gera föstum viðskiptavinum kleift að fá áfyllingar sendar upp að dyrum, sem er bæði mikið hagræði fyrir viðskiptavini og umhverfisvæn lausn."

Vörur Feel Iceland fást í öllum betri apótekum, heilsu- og matvöruverslunum og á vefsíðu Feel Iceland, feeliceland.com.

Umhverfisvernd skiptir miklu máli hjá ELKO

Samfélags- og umhverfisleg sjónarmið hafa lengi verið ofarlega á baugi hjá ELKO sem á dögunum gaf út sína fyrstu samfélagsskýrslu þar sem farið er ítarlega yfir stefnu, árangur og markmið fyrirtækisins tengd málaflokkunum.

„Með samfélagsskýrslunni hefur ELKO tekið þessi málefni enn fastari tökum og sett sér stefnu til framtíðar um að leggja áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð þar sem loforð fyrirtækisins er: „Það sem skiptir þig máli, skiptir okkur máli“,“ segir Óttar Örn Sigurbergsson, aðstoðarframkvæmdastjóri ELKO.

Óttar segir umhverfismál gríðarlega mikilvæg í starfsemi ELKO.

„Við höfum lagt áherslu á að minnka kolefnisfótspor okkar, meðal annars með markvissri flokkun úrgangs ásamt ýmsum sértækum aðgerðum tengdum kjarnastarfseminni. Má þar nefna móttöku á notuðum búnaði, endurvinnslu, rafræna reikninga, flokkun og orkusparnað,“ upplýsir Óttar.

Leitast er við að valda umhverfinu sem minnstum skaða með starfsemi ELKO og fram undan er að setja frekari markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Samtals var losun gróðurhúsalofttegunda hjá ELKO 27,9 tC02, en móðurfélag ELKO hefur til nokkurra ára kolefnisjafnað beina losun frá kjarnastarfsemi allra dótturfélaganna og hefur kolefnisjafnað samtals 20 tonn af C02 á árinu 2020 með gróðursetningu sem samsvarar 270 trjáa í gegnum Kolvið fyrir ELKO.

„Í dag, með breyttri neyslu-hegðun viðskiptavina, er mikilvægt að ELKO bregðist við með aukinni vitund um neyslu- og umhverfismál þar sem umhverfisvernd er orðin stór þáttur í kaupferli raftækjaneytandans. Þau

Óttar Örn Sigurbergsson, aðstoðarframkvæmdastjóri ELKO.

atriði sem ELKO hefur og getur lagt áherslu á, er líftími raftækja og að auka vitund starfsmanna um sóun almennt, en við leggjum okkur fram við að minnka sóun og auka flokkun,“ segir Óttar og bætir við:

„Starfsstöðvar ELKO flokka úrgang frá starfsemi sinni og heildarhlutfall flokkaðs úrgangs fyrir 2020 var 80,6 prósent. Um 78 prósent af úrgangi fara í endurvinnslu og 22 prósent til urðunar.“

Endurnýting mikilvæg

Framleiðsla á hátæknibúnaði krefst hágæða og sérhæfðra málma og mörg raftæki innihalda ekki aðeins hættuleg, eitruð og umhverfisskaðleg efni – heldur innihalda þau einnig dýrmæt efni sem ætti að endurnota.

„Til er takmarkað magn af þessum dýrmætu efnum í heiminum og þar sem uppsprettur sumra þeirra eru ekki endurnýjanlegar þurfum við að tryggja að þessi efni séu endurnýtt. Því skiptir miklu máli að þeim sé skilað rétt,“ segir Óttar og heldur áfram:

„ELKO hefur í nokkur ár boðið viðskiptavinum að koma með gömul raftæki í verslanir undir formerkjunum „Fáðu eitthvað fyrir ekkert“ þar sem við kaupum snjallsíma, fartölvur, leikjatölvur og spjaldtölvur til að gefa þeim nýtt líf í formi endurvinnslu. Í gegnum það ferli greiddum við viðskiptavinum rúmlega 10 milljónir króna fyrir tvö þúsund notuð raftæki á árinu 2020.“

Nýir endurvinnsluskápar

ELKO kappkostar í sífellu að gera betur í umhverfismálum og segir Óttar fyrirtækið stefna enn hærra á þessu ári.

„ELKO er til dæmis að bæta aðgengi í verslunum til að auðvelda viðskiptavinum að koma eldri raftækjum í endurvinnslu, með því markmiði að lengja líftíma varanna. Það verður gert með því að verða enn betri í endurnýtingu og endurvinnslu og tryggja að ELKO verði fyrsta val þegar kemur að skilum á notuðum raftækjum. Við kynnum því glóð til leiks nýja endurvinnsluskápa. Með því að setja aukna áherslu á umhverfismál og endurvinnslu notaðra raftækja höfum við tekið endurvinnsluna skrefinu lengra, og hafa verslanir okkar í Lindum og á Akureyri fengið glænýja, rúmgóða og snyrtilega endurvinnsluskápa í anddyrin,“ upplýsir Óttar. Endurvinnsluskápar bætast svo fljótlega við í ELKO Skeifunni og Granda.

„Í þessum skápum er tekið við smærri raftækjum, rafhlöðum, blekhylkjum, ljósaperum og flúrperum. Við hvetjum því viðskiptavini okkar til að koma þessum hlutum í ábyrga endurvinnslu um leið og þeir kíkja næst í heimsókn í ELKO.“

Heimsmarkmiðin og ELKO

ELKO hefur valið að leggja sérstaka áherslu á fjögur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna af sautján. Voru þar valin áhersluatriði sem snerta kjarnastarfsemi félagsins hvað mest, til að stuðla að sjálfbærni og ábyrgum viðskiptaháttum.

- **ELKO** leggur áherslu á jafnrétti með jafnlaunavottun og jafnlaunastefnu og styður þannig við Heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna.
- **ELKO** leggur áherslu á Heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt með því að hjálpa viðskiptavinum að njóta ótrúlegrar tækni.
- **ELKO** vill halda áfram að draga verulega úr úrgangi með forvörnum, meiri endurvinnslu og endurnýtingu og styðja þannig við Heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu.
- **ELKO** styður við Heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum og hefur sett sér loftslagsmarkmið þar sem markmiðið er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna eigin starfsemi félagsins.

Svona líta nýju endurvinnsluskáparnir í ELKO út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Loftslagsmarkmið ELKO eru:

- Að minnka myndun úrgangs með meiri endurvinnslu og endurnýtingu.
- Að draga úr óflokkuðum úrgangi um 2 prósent á ári til ársins 2010.
- Að a.m.k. 90 prósent sorps frá ELKO verði flokkuð árið 2030.
- Að veita upplýsingar um árangur og aðgerðir með útgáfu sjálfbærniskýrslu.
- Að kolefnisjafna notkun eigin bíla með gróðursetningu trjáa.
- Að koma notuðum búnaði í hringrásarkerfið.

Bókastóll leitar að heimili

Iðnhönnuðurinn Sunna Ósk Þorvaldsdóttir hannaði og smíðaði bókastólinn Málfríði árið 2013. Stóllinn hefur verið til sýnis á Borgarbókasafni Reykjavíkur frá upphafi en leitar nú að nýju heimili.

sandragudrun@frettabladid.is

Sunna Ósk smíðaði stólinn þegar hún var á listnámsbraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Síðan þá hefur hún lokið námi í bæði umhverfisskipulagsfræði og iðnhönnun og er nú búsett í Danmörku. Sunna hefur þó reglulega heimsótt bókastólinn sinn og er annt um að hann komist í góðar hendur.

„Ég smíðaði stólinn í skólanum og fór svo beint með hann á einkasýningu mína á HönnunarMars sem var á Borgarbókasafninu. Hann hefur verið í láni þar síðan,“ segir hún.

„Hugmyndin bak við stólinn var bæði sú að endurnýta og halda í það gamla. Þú átt kannski mikið af bókum sem eru farnar að taka pláss en þú ert ekki tilbúin að losa þig við þær.“

Stóllinn Málfríður er stálgrind sem Sunna raðaði bókum á.

„Það var svolítill hausverkur að setja stólinn saman en það var góð áskorun. Ég kíki reglulega á hann og skoða hvernig bókunum er raðað og dytta að honum. Ég hef talað við þau á bókasafninu og fengið að skipta út bókum ef þau eru með fleiri afskrifaðar bækur.

Bókastóllinn Málfríður óskar núna eftir nýju heimili eftir að hafa verið í átta ár í láni á Borgarbókasafninu í góðu yfirlæti. MYND/BJÖRGVIN SIGURÐARSON

Svona til að fegra hann aðeins,“ segir Sunna og hlær.

„Þau á bókasafninu sögðu mér að stóllinn hefði hjálpað til við að selja afskrifaðar bækur. Mér fannst mjög gaman að heyra það. En núna er verið að endurskipuleggja á bókasafninu og því miður er ekki pláss fyrir hann lengur.“

Sunna segist ekki vera með neinn draumastað í huga fyrir stólinn. Hún vill bara að hann verði einhvers staðar þar sem hann er vel metinn.

„Ég hef heyrt í nokkrum bóka-

Sunna býr núna og starfar í Danmörku. MYND/AÐSEND

Stóllinn er stálgrind sem bókum er raðað á. MYND/BJÖRGVIN SIGURÐARSON

söfnum en þar er því miður ekki pláss, en vonandi finnst samastaður fyrir hann,“ segir hún.

Sunna hefur ýmislegt gert síðan hún bjó til bókastólinn góða en þessa dagana er hún að sækja um að vera með innsetningu á arkitektahátíð og hönnunarhátíð.

„Ég er sjálfstætt starfandi, en þessi innsetning er tengd landslagsarkitektúr. Hátíðirnar sem ég er að sækja um á eru í október og verða líklega bæði á netinu og á staðnum. Ég tók þátt síðasta október í hollensku hönnunarvikunni í Eindhoven en hún var bara á netinu. En það verður bara að koma í ljós hvað verður núna.“

Ef einhverjar hugmyndir vakna um tilvalinn stað fyrir stólinn má hafa samband við Sunnu á soskdesign@gmail.com.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífræn vottun

FÖSTUDAGUR 30. apríl 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Arctic Fish, Heilsustofnun NFLÍ, Fiskeldi Austfjarða, Þörungaverksmiðjan, Brauð & Co

Náttúrulegar aðferðir eru enn notaðar við framleiðslu á um 80% matvæla í heiminum og munu aukast vegna vitundarvakningar um ávinning af því fyrir heilsu og umhverfi. MYND/AÐSEND

Lífræn ræktun er besta vörnin

Vottunarstofan Tún hefur um langt skeið verið í framlínu lífrænnar þróunar hérlendis. Gunnar Á. Gunnarsson framkvæmdastjóri segir starfsmenn Túns skynja jákvæðar breytingar á viðhorfum til lífrænnar ræktunar.

„Almenningur leitar leiða til að bæta líf sitt og heilsufar og þar gegnir hollt mataræði lykilhlutverki. Neytendum er ekki lengur sama hvaðan matvælin koma og hvernig þau eru framleidd. Uppruni og framleiðsluaðferð ráða mestu um gæðin. Vottuð lífræn ræktun er trygging neytenda fyrir því að fæðan sé framleidd með aðferðum sem stuðla að háu næringargildi, hreinleika og góðri meðferð náttúrunnar, að ógleymdri velferð búfjár," segir Gunnar.

Aftur til fortíðar

Framtíð lífrænnar ræktunar helst í hendur við samkeppni við tæknivædda stórrækt, verksmiðjubúskap og erfðabreytta ræktun.

„Hér áður fyrr voru matvæli að mestu framleidd með lífrænum aðferðum, án tilbúins áburðar og eiturefna, jarðvegurinn var auðgaður með búfjáráburði, moltu og öðrum lífrænum efnum. Ólíkar jurtir voru ræktaðar á víxl til að viðhalda frjósemi, þar á meðal jurtir sem mynda köfnunarefni og aðrar notaðar til áburðar. Þessar náttúrulegu aðferðir eru reyndar enn notaðar við framleiðslu á um 80 prósentum allra matvæla í heiminum," upplýsir Gunnar.

Þegar tilbúinn áburður og fjölbreytt flóra varnarefna til ræktunar á fóðri og matjurtum komu til sögunnar hófst hins vegar þróun sem enn plagar landbúnaðinn.

„Við það byrjaði jarðsambandið við lífríki gróðurmoldarinnar að rofna. Búfé var tekið af beitilandi og fóðrað á kjarnfóðri og vexti búfjár viðhaldið með notkun hormóna og sýklalyfja. Undir lok síðustu aldar

Vottunarstofan Tún: Gunnar Á. Gunnarsson, Friðrik Steinar Svavarsson, Sigurbjörg Gísladóttir, Ragnar Þórðarson og hundurinn Fróði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Söfnun villtra jurta, t.d. geithvannar, er hæf til lífrænnar vottunar.

Umfeðmingsgras, villt jurt af ertublómaætt, bindur köfnunarefni.

innleiddu svo líftæknifyrirtæki erfðabreyttar plöntur, með fyrirheitum sem aldrei rættust. Ræktun þeirra jók notkun illgresis- og skordýraeiturs og fyrirheit um aukna uppskeru og næringargildi, svo og mótvægi við þurrka og flóð, hafa reynst vísindalega ómöguleg. Nú er hins vegar hvarvetna litið á lífræna ræktun sem leið til alhliða framfara, betra umhverfis og lífshátta," greinir Gunnar frá.

Gervikjöt ræktað í tönkum

Gunnar er spurður hvort lífræn búfjárrækt sé betri en önnur búfjárrækt, en áform hafa verið um að leggja hana niður og framleiða í staðinn kjöt í verksmiðjum.

„Jú, vísindamenn hafa nýlega fleygt fram tillögum um að flytja skuli framleiðslu búfjárafurða yfir á tilraunastofur. Dæmi um það eru gervikjöt, til dæmis hamborgarinn óborganlegi (e. Impossible Burger) og frumuræktað kjöt þar sem dýrafrumur eru ræktaðar í tönkum á tilraunastofum. Hvoru tveggja inniheldur erfðabreytt efni og blöndu úr mikið unnum íblöndunarefnum, en án þess að nokkrar rannsóknir hafi verið lagðar fram um næringargildi þeirra. Umhverfiskostnaður og neikvæð áhrif slíkra afurða á heilbrigði neytenda kunna því að vega þyngra en mögulegir kostir þess fyrir umhverfið að leggja niður búfjárrækt. Hér er því verið að skapa ný vandamál í stað þess að leysa þau," svarar Gunnar.

Ef útkoman yrði í reynd erfðabreytt kjötlíki, sem á Evrópumarkaði yrði að merkja sem erfðabreytt matvæli, yrði þá líklegt að neytendur slægjust um aðgang að vörunni?

„Nei, þvert á móti," svarar Gunnar. „Í Bandaríkjunum er rekið öflugt vottunarkerfi, sem vottar matvæli sem EKKI innihalda erfðabreytt hráefni. Neytendur vilja ekki erfðabreytt ef þeir eiga kost á öðru."

Mannkyn mettað með lífrænu

Stundum er haldið fram að lífræn ræktun sé gamaldags aðferð til að framleiða matvæli, en Gunnar segir tímana nú breytast ört.

„Áður bar mikið á slíkum viðhorfum en nú verðum við vör við mun meiri áherslu á fæðuframleiðsluna sjálfa. Almenningur tengir heilsufar sitt í mun ríkari mæli beint við það hvernig matvæli eru framleidd, hvernig grænmeti og ávextir eru ræktuð, og hvernig búfé er fóðrað og hver aðbúnaður þess er. Sú hugsun er aðeins hænufeti frá meðvitaðri kröfu um sjálfbæran landbúnað, fæðuframleiðslu sem mengar ekki, ræktun sem verndar og eykur gróðurmoldina, landnýtingu sem eykur kolefnisbindingu, og svo framvegis."

Heimurinn sé að vakna til vitundar um að lífrænar aðferðir séu öruggasta og besta leiðin til að uppfylla þessar kröfur.

„Neytendur átta sig á að lífrænar aðferðir eru hvorki gamaldags né óhagkvæmar, heldur nútímalegar og spennandi. Lífræn ræktun er besta vörn okkar gegn hættum sem að umhverfi okkar og heilsu stafar frá verksmiðjubúskap, eiturefnanotkun og erfðabreyttum lífverum. Við þurfum að endurmynda það besta úr fortíðinni og í landbúnaði er brýnast að endurmynda og varðveita gróðurmoldina (e. regenerative agriculture) og auka lífræna ræktun."

Sumir hafa áhyggjur af því að uppskera lífrænnar ræktunar sé minni og hvort hún geti brauðfætt vaxandi mannfjölda í heiminum.

„Í fyrsta lagi er rétt að hafa hugfast að hungur meðal jarðarbúa stafar ekki af fæðuskorti heldur fátækt, í sambland við vald stórfyrirtækja á talsverðum hluta matvælaframleiðslunnar," svarar Gunnar því.

Samanburður á uppskeru- og framleiðnitölum sé oft mjög villandi hvað þetta varðar.

„Samanborið við tún, kornakur eða grænmetisræktun, sem fær ríkulegan skammt af tilbúnum áburði, er uppskera á flatareiningu oftast minni í lífrænni ræktun, einkum í byrjun aðlögunar, en eykst síðan þegar frá líður. En þá gleymist yfirleitt að taka mið af þeim gríðarlega (oft dulda/óbeina) kostnaði, sem hefðbundinn landbúnaður, byggður á mikilli efna- og orkunotkun, hefur í för með sér. Og oftast gleymist að nefna hvernig slíkur landbúnaður dregur smám saman úr frjósemi gróðurmoldarinnar og stuðlar að jarðvegseyðingu. Lífræn ræktun stefnir í allt aðra átt; hún byggir upp jarðveginn, eykur kolefnisbindingu hans og nýtir hann um leið til framleiðslu á næringarríkum matvælum án efnanotkunar."

> **Á kosningaári ætti það að vera keppikefli íslenskra stjórnmálamanna að kynna sér stefnumörkun ESB og taka sér hana rækilega til fyrirmyndar í stefnuskrám og við næstu stjórnarmyndun.**
>
> Gunnar Á. Gunnarsson

Lífræn vottun nú talin sjálfsögð

Gildi vottunar hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum og á eftir að aukast enn frekar eftir því sem framleiðsla og viðskipti aukast. Um þann þátt eiga Vottunarstofan Tún og Matvælastofnun gott samstarf.

„Vottun lífrænnar framleiðslu er trygging neytenda og þeirra sem nota hráefni til vinnslu fyrir því að grunnkröfur um aðferðir og aðföng séu uppfylltar. Íslenskir framleiðendur voru lengi vel ekkert sérstaklega áhugasamir um vottun og litu á hana sem afskiptasemi, óþarfa kostnað og jafnvel ósanngjarnar kröfur vegna þess hve íslenskur landbúnaður sé hreinn og ómengaður. Nú er öldin önnur og flestir líta á þetta sem sjálfsagðan þátt í því að efla traust í viðskiptum og auka verðgildi vörunnar. Mikilvægi vottunar verður seint ofmetið og eftirlitið þarf að uppfylla kröfur um vinnubrögð og óhlutdrægni," útskýrir Gunnar.

Þótt ekki fari það alltaf hátt er margt mjög ánægjulegt að gerast á sviði lífrænnar ræktunar hér á landi.

„Á síðustu árum hafa til dæmis komið fram nýir framleiðendur á lífrænum matjurtum og búfjárafurðum í Skagafirði, Eyjafirði, Breiðdal, Berufirði, í Flóanum og víðar. Þá hafa tvö öflug fiskeldisfyrirtæki hafið lífræna aðlögun í laxeldi og nýr framleiðandi á þang- og þaraafurðum bættist við á liðnu ári. Nokkur gróin fyrirtæki halda áfram öflugu vöruþróunarstarfi í þurrvöru, mjólkurafurðum, unnum matvörum og kjötframleiðslu. Nýverið bættist sælgætisframleiðandi í hóp vottaðra og sömuleiðis fyrirtæki sem annast dreifingu á vottuðum afurðum frá löndum utan Evrópusvæðisins. Allt endurspeglar þetta aukinn áhuga almennings á lífrænum afurðum og virðingu fyrir vottunarkröfum," segir Gunnar.

Í samanburði við grannþjóðir okkar erum við þó enn eftirbátar.

„Við erum vissulega langt á eftir grannþjóðum okkar, en okkur finnst almennt viðhorf hér á landi vera jákvæðara en áður. Það er mjög eftirtektarvert að fylgjast með framvindu mála á vettvangi Evrópusambandsins, en á undanförnum áratug hefur vottað lífrænt nytjaland í aðildarlöndum þess aukist um tvo þriðju upp í 8,5 prósent, og verðmæti vöruveltu lífrænna afurða hefur á sama tíma tvöfaldast í 41 milljarð evra. ESB birti fyrir mánuði síðan aðgerðaáætlun til næstu tíu ára um þreföldun vottaðs lands í 25 prósent árið 2030! Þessi metnaðarfulla áætlun tekur á flestum meginþáttum framleiðslu- og neyslukeðjunnar, meðal annars með sérstakri áherslu á eftirspurn og traust neytenda, hlut lífrænna matvæla í opinberum innkaupum og matreiðslu, og stuðning við aðlögun í landbúnaði og fiskeldi."

Gunnar segir að á kosningaári ætti það að vera keppikefli íslenskra stjórnmálamanna að kynna sér þessa stefnumörkun ESB og taka sér hana rækilega til fyrirmyndar í stefnuskrám og við næstu stjórnarmyndun.

„Að sama skapi þurfa kjósendur að halda málinu á lofti þegar nær dregur kosningum."

Vottunarstofan Tún er á Þarabakka 3 í Reykjavík. Sími 511 1330. Netfang: tun@tun.is. Nánar á tun.is

Sölustaðir:
Hagkaup, Nettó, Melabúðin, Fjarðarkaup, Heilsuhúsið, Frú Lauga, Matarbúðin, Brauðhúsið, Fiskkompaní, Mamma veit best og Matarbúr Kaju, Akranesi.



Steinunn Guðný Einarsdóttir er gæðastjóri Arctic Fish og stór hluti starfs hennar fer í að viðhalda ströngu umhverfisvottuninni frá Aquaculture Stewardship Council. MYND/AÐSEND

Hefja lífrænt eldi í Djúpinu

Arctic Fish sinnir eldi á laxi í sjó og er að undirbúa lífrænt eldi í Ísafjarðardjúpi á næsta ári. Hafist var handa við að klekja út lífrænum hrognum og ala lífræn seiði í síðasta mánuði í eldisstöð Arctic Fish, sem er sérlega umhverfisvæn og ein sú tæknivæddasta á landinu.

Fyrirtækið Arctic Fish var stofnað árið 2011 og rekur tvö dótturfélög, Arctic Sea Farm, sem sér um eldi í sjó, og Arctic Smolt, sem sinnir seiðaeldi á landi. Arctic Fish hefur haft aðalskrifstofu á Ísafirði frá stofnun en dótturfélag þess, Arctic Smolt, er staðsett í Tálknafirði. Þangað bárust lífræn laxahrogn nú í mars frá Benchmark Genetics (áður Stofnfiskur) og eftir um ár verða svo lífræn seiði sett í Ísafjarðardjúp og lífrænt eldi hafið. Arctic Sea Farm hf. og forveri þess, Dýrfiskur, hóf eldi í Dýrafirði árið 2009, fyrst á regnbogasilungi, en það hefur nú fært sig alfarið yfir í lax.

Einstök eldisstöð

„Í botni Tálknafjarðar er landið Norður-Botn sem er í eigu Arctic Fish og þar hafa risið stærstu byggingar á Vestfjörðum, sem telja um 11 þúsund fermetra, en það er á teikniborðinu að hefja frekari stækkun í ár," segir Steinunn Guðný Einarsdóttir, gæðastjóri Arctic Fish. „Stöðin er einstök á heimsvísu, en í henni er nýttur bæði jarðvarmi ásamt 100% endurnýjanlegri raforku úr Mjólká.

Allt vatn sem nýtt er í stöðinni kemur úr borholum á landareign Arctic Fish, en stöðin er einnig vatnsendurnýtingarstöð þar sem yfir 90% vatns eru endurnýjuð og lífrænn úrgangur fjarlægður áður en affallsvatn er leitt út í sjó," útskýrir Steinunn. „Eldisstöðin er einnig ein tæknivæddasta eldisstöð landsins og það er gaman að segja frá því að núna erum við einmitt í verkefni þar sem verið er að finna bestu leiðina til að nýta þennan lífræna úrgang.

Eldisstöð Arctic Fish í botni Tálknafjarðar er ein tæknivæddasta eldisstöð landsins. MYND/AÐSEND

Í eldisstöðinni eru laxahrognin klakin og seiði alin í að meðaltali rúmt ár áður en þau eru tilbúin til að fara í áframeldi í sjó," segir Steinunn. „Þau lífrænu hrogn sem eru nú í klakstöðinni verða því tilbúin til útsetningar í Ísafjarðardjúp á næsta ári, en þar er fyrirtækið með leyfi til lífræns eldis í sjó."

Lífrænt eldi fyrir umhverfið

„Það vantar oft inn í umræðuna um sjóeldi á laxi að á um helmingi tíma eldisferlisins er laxinn á landi sem og að þetta er umhverfisvæn starfsemi. Fyrir fimm árum síðan fékk Arctic Fish, fyrst íslenskra eldisfyrirtækja, vottun frá ASC – Aquaculture Stewardship Council, sem er ströng umhverfisvottun og stór hluti starfs míns fer í að viðhalda þeirri vottun," segir Steinunn. „Háværar raddir eru gegn laxeldi í sjó en þeir sem þekkja starfsemina vita hversu umhverfisvæn framleiðslan er og hvað það er mikið eftirlit, bæði innra og ytra, sem þarf að vinna með.

Arctic Fish fékk lífræn laxahrogn frá Benchmark Genetics í mars og eftir um ár verða svo lífræn seiði sett í Ísafjarðardjúp og lífrænt eldi hafið þar. MYND/AÐSEND

Með því að fá lífræna vottun á laxinn okkar stígum við skrefi lengra, bæði hvað varðar umhverfið og dýravelferð, en það eru bæði mjög mikilvæg málefni í huga starfsfólks og í stefnu fyrirtækisins," segir Steinunn. „Með aukinni vitundarvakningu hafa neytendur líka fengið mikinn áhuga á að vita hvaðan vörur þeirra koma og hvernig þær eru framleiddar. Það er töluverð eftirspurn eftir lífrænum vörum og lífræn vottun aðstoðar neytendur við að gera upplýst kaup.

Þegar stundað er lífrænt eldi er þéttleiki laxa hafður undir 10 kg á rúmmetra, en eldisleyfi á Íslandi gera að jafnaði ráð fyrir að þéttleiki megi fara í 25 kg sem er almennt séð það viðmið sem notað er annars staðar í heiminum," segir Steinunn. „Arctic Fish hefur sett stefnuna á að halda sig undir 15 kg áður, en það er byggt á reynslu á eldi laxa í sjó við Ísland. Með þessu skrefi erum við því að fara lengra en áður í að byggja upp sjóeldið þannig að fiskurinn sé í lágum þéttleika út eldisferilinn. Áframeldið í sjó krefst ekki ytri orkugjafa líkt og við þurfum á landi nema það sem snýr að fóðruninni, en þar erum við í samstarfsverkefni með Bláma og Orkubúinu um rafvæðingu fóðurpramma okkar."

Lífræn seiði í Djúpinu á næsta ári

„Eldið hjá Arctic Fish er í stöðugri þróun og bæði tækni og þekking eykst með hverju árinu, en Arctic Fish hefur öðlast mikla þekkingu á sínu umhverfi í gegnum árin og tekist á við ýmsar áskoranir í íslenskri náttúru," segir Steinunn. „Við erum ávallt með augun opin fyrir nýjungum sem geta bætt aðferðir, minnkað umhverfisáhrif og bætt dýravelferð.

Við stefnum á að setja út okkar fyrstu lífrænu seiði í Ísafjarðardjúp á næsta ári. Það hefur verið í undirbúningi allt frá stofnun fyrirtækisins að hefja eldi þar á lífrænum laxi. Það verður mikill sigur fyrir fyrirtækið að geta byrjað lífræna eldið í Djúpinu, bæði með tilliti til vottunar, sögu fyrirtækisins og staðsetningar," segir Steinunn að lokum.

Gríðarlegur vöxtur lífrænnar ræktunar og lífræns fiskeldis er fram undan í löndum Evrópu

Í lok marsmánaðar kynnti Evrópusambandið nýja og metnaðarfulla aðgerðaáætlun um aukna lífræna framleiðslu (e. organic action plan) til næstu sjö ára. Áætlunin, sem tekur til almenns landbúnaðar og fiskeldis, byggir á víðtæku samráði við hagsmunaaðila og þeim árangri sem náð var með síðustu sjö ára áætlun sambandsins. Árangur hennar lýsir sér meðal annars í því að nú eru 8,5 prósent alls landbúnaðarlands í löndum ESB lífrænt vottuð.

ESB stefnir að því að þrefalda þetta hlutfall í 25 prósent á næstu tíu árum. Aðgerðaáætun ESB er þríþætt og miðar að því að:

- auka eftirspurn og traust neytenda á lífrænum afurðum
- auka framleiðslu og úrvinnslu landbúnaðar- og fiskeldisafurða
- efla framlag lífrænnar framleiðslu til sjálfbærrar þróunar

Aðgerðir sem hvetja til eftirspurnar

Nýjar kannanir benda til þess að áhugi neytenda í Evrópu á lífrænum vörum fari vaxandi og mikill meirihluti þeirra hafi tiltrú á þeirri grein, að lífræn ræktun fari betur með umhverfið og tryggi betur velferð búfjár. Um 56 prósent neytenda þekkja evrópska vottunarmerkið fyrir lífrænar vörur (Evrópulaufið – sjá mynd) og sala lífrænna matvæla hefur tvöfaldast á einum áratug. ESB hyggst nú fylgja þessum árangri eftir með fjölþættum aðgerðum til að auka eftirspurn og traust á markaðinum:

- með stuðningi við kynningu á lífrænum landbúnaði og Evrópulaufinu
- áherslu á stuðning við lífræna matreiðslu í stóreldhúsum
- áherslu á aukningu lífrænna afurða í opinberum innkaupum
- stuðningi við fræðslu í skólum um lífræna ræktun og framleiðslu
- aðgerðum til að fyrirbyggja vörusvik í greininni og auka traust neytenda
- bæta rekjanleika lífrænna afurða

Með þessu er vitund neytenda um lífræna ræktun efld enn frekar, aðgengi almennings að upplýsingum bætt og opinberum stjórntækjum beitt til að hafa bein áhrif á eftirspurn eftir lífrænum vörum.

Líffræðileg fjölbreytni tegunda er að jafnaði 30 prósentum meiri á landi í lífrænni ræktun samanborið við land í hefðbundinni ræktun. Notkun skordýraeiturs, tilbúins áburðar og erfðabreyttra lífvera er bönnuð í lífrænni ræktun.

Hlutfall vottaðs lífræns nytjalands af landbúnaðarlandi eftir löndum 2019



Rannsóknir, þróunarstarf og lífræn aðlögun

Með áætlun sinni viðurkennir ESB að lífrænn landbúnaður krefst verulegrar þekkingar, auk rannsókna og þróunarstarfs. Þekkingarþörfin tekur bæði til almennings (neytenda, nemenda í skólum) og fyrirtækja, en þó ekki síst til þeirra sem starfa í landbúnaði.

Þar vega þyngst þekking á gróðurmoldinni og meðferð hennar, meðferð (jarðgerð) lífrænna efna sem til falla, skiptiræktun, varúðarráðstafanir til að fyrirbyggja mengun og opinberar kröfur um vottun og merkingar. Allt eru þetta þættir sem stöðugt þarf að þróa og bæta með virku rannsóknarstarfi.

Reikna má með að bændur muni áfram njóta verulegs fjárhagslegs stuðnings til lífrænnar aðlögunar, auk þess sem stuðningi og ýmsum hvötum verði beitt til að styrkja virðiskeðju og markaði fyrir lífræn matvæli og fóður. Athyglisvert er hve aðgerðaáætlunin leggur mikla áherslu á að efla lífrænt lagareldi, það er fiskeldi og nýtingu á sjávargróðri. Þetta tvennt hefur farið vaxandi á undanförnum árum, til dæmis á Írlandi þar sem drjúgur hluti fiskeldis mun vera vottaður lífrænn.

Framvindan í einstökum ríkjum

Auk hinnar almennu aðgerðaáætlunar ESB er aðildarríkjum ætlað að endurnýja eigin landsáætlanir um markmið og tímasettar aðgerðir til að efla þessa grein. Eins og sjá má af meðfylgjandi stöplariti er staða lífrænnar ræktunar mjög mismunandi frá einu ESB-landi til annars. Lengst á veg komin eru Austurríki (25%), Eistland (22%), Svíþjóð (20%), Tékkland, Ítalía og Lettland (15% hvert), Finnland (13%) og Danmörk (11%). Flest ef ekki öll þessi lönd hafa unnið eftir sérstakri landsáætlun og hafa uppskorið árangur í samræmi við það.

Hver er framvindan í aðildarlöndum EFTA?

Á undanförnum árum hafa Noregur og Sviss verið meðal þeirra 10 til 12 Evrópulanda þar sem vöxtur markaðar fyrir lífrænar vörur og neysla þeirra á hvern íbúa er mestur. Hlutfall vottaðs nytjalands er hvergi hærra en í Liechtenstein (41%), það er með því hærra í Sviss (17%) og í Noregi hafði það náð tæpum 5 prósentum árið 2019. Á sama tíma var hlutfallið innan við 2 prósent á Íslandi.

Þrátt fyrir það hafa orðið breytingar til bóta hér á landi, til dæmis með tilkomu aðlögunarstyrkja sem bændur eiga kost á fyrstu árin meðan þeir eru að taka upp lífrænar aðferðir í jarðyrkju, garðrækt og búfjárrækt. Í hóp vottaðra framleiðenda hafa nýverið bæst framleiðendur á mjólk og eggjum, og þá hafa nokkur fiskeldis- og þangvinnslufyrirtæki tekið upp lífræna framleiðslu.

Vottaður hágæða eldislax um allan heim

Ice Fish Farm eða Fiskeldi Austfjarða hf. sem var stofnað árið 2012 er með sjókvíaeldi á hágæða eldislaxi á Austfjörðum.

Fiskeldi Austfjarða sérhæfir sig í framleiðslu og eldi á úrvals laxi. Allt ferlið, frá hrognum, uppeldi seiða á landi, eldi í sjókvíum, til slátrunar og sölu um heim allan, er án allra efna og lyfja og er hvert skref umhverfisvottað. „Ríkt umhverfisvöktun og áhættumat skilar okkur ábyrgri framleiðslu sem er metið við okkur af okkar viðskiptavinum," segir Guðmundur Gíslason hjá Fiskeldi Austfjarða.

Fyrirtækið hefur stækkað mikið síðustu ár sökum síaukinnar eftirspurnar eftir íslenskum hágæða eldislaxi. „Mikil vinna hefur farið í að auka framleiðsluna og ná stærðarhagkvæmni. Fjöldi starfsmanna hefur aukist mikið og í dag vinna um 120 manns hjá fyrirtækinu víða um landið, í Reykjavík, Þorlákshöfn, Djúpavogi, Fáskrúðsfirði, Kópaskeri og Kelduhverfi. Að auki verður til mikið af afleiddum störfum hjá fag- og tæknimenntuðu fólki. Að meðaltali má segja að fyrir hvert beint starf hjá fyrirtækinu skapist tvö önnur störf þannig að mikilvægi starfseminnar er gríðarlegt."

Hollari og fallegri

„Laxinn okkar er alinn á hágæða fóðri úr náttúrulegu hráefni sem inniheldur engin aukefni eða erfðabreytt efni (GMO). Engin lyf eða eiturefni eru notuð við framleiðsluna. Laxinn er einstaklega hollur og að auki er hann bæði lit- og áferðarfagur að eðlisfari. Ástæðan fyrir staðsetningu eldisins á Austfjörðum er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi eru Austfirðir langt frá villtum laxveiðiám og skapar staðsetningin því minni hættu gagnvart villtum laxi, og í öðru lagi þá hægir kaldi sjórinn á Austfjörðum á vexti laxins sem eykur gæði fisksins, bætir þéttleika í holdi, fiskurinn verður fallegri á litinn og inniheldur mun meira Omega3 en annar eldislax. Niðurstöður úr samanburðarkönnunum, þar sem þátttakendur fá ekki að vita um uppruna vörunnar, hafa sýnt að laxinn frá okkur ber höfuð og herðar yfir lax frá samkeppnisaðilum hvað varðar bragð, útlit og ilm."

Uppfyllir alla gæðastaðla

Fiskeldi Austfjarða slátrar um 400-800 tonnum af laxi á mánuði og selur til viðskiptavina um allan heim. Laxinn er verkaður með ofurkælingu þar sem hann er kældur niður í mínus 2°C sem heldur honum ferskum í allt að 20 daga. „Stærsti viðskiptavinur okkar er Whole Foods í Bandaríkjunum en verslanakeðjan er þekkt fyrir að framfylgja ströngu gæðaeftirliti og umhverfisstöðlum á þeim vörum sem þar eru seldar. Listinn er langur yfir þá staðla sem framleiðslufyrirtæki þarf að uppfylla til að geta selt vörur í hillum Whole Foods-keðjunnar. Þar má til dæmis nefna Aqua Gap sem



Fjöldi starfsmanna hefur aukist mikið og í dag vinna um 120 manns hjá fyrirtækinu víða um landið.

Fiskeldi Austfjarða starfar samkvæmt strängustu gæðakröfum og útkoman er hágæða eldislax.

Kaldi sjórinn á Austfjörðum hægir á vexti laxins sem eykur gæði fisksins.

Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður hjá Fiskeldi Austfjarða.

felur í sér kröfu um rekjanleika, meira rými í kvíum fyrir hvern fisk, náttúruleg hráefni í fóðri og enga lyfja- eða efnanotkun. Félagið undirgengst eftirlit af hálfu Whole Foods og vottunaraðila árlega til staðfestingar á að framleiðslan uppfylli framleiðsluskilmála og gæðakröfur.

Við fylgjum þessum ströngu kröfum Whole Foods til hins ítrasta, en mjög fáir framleiðendur í heiminum hafa burði til þess að uppfylla alla gæðastaðla Whole Foods. Einnig erum við með fjölda annarra viðskiptavina sem greiða hærra verð en gengur og gerist, vegna meiri gæða framleiðslunnar. Ástæðan fyrir því að við erum ekki að horfa til íslenska markaðarins er sú að hér hefur ekki verið markaður fyrir dýrari hágæða lax."

Fiskeldi Austfjarða er einnig með Aqua Gap umhverfis- og sjálfbærnivottun. „Líkt og á við um Whole Foods vottunina tryggir Aqua Gap það fyrir viðskiptavini okkar að engin efni séu notuð við framleiðsluferlið, allt frá hrognum til viðskiptavinar. Einnig erum við með í framleiðslu lífrænt vottaðan lax sem verður kominn inn á markað innan tveggja ára. Þar er fóðrið úr lífrænt ræktuðu hráefni og aukin krafa um rými sem hver fiskur hefur í kvínni, en annars er um sambærilega staðla að ræða og við uppfyllum hjá Aqua Gap. Það að fá vottun fyrir lífrænt alinn lax er mikil viðurkenning fyrir okkur og okkar starf."

Sjálfbærni og umhverfisvöktun

Að sögn Guðmundar starfar Fiskeldi Austfjarða samkvæmt áhættumati sem Hafró framkvæmir og óskað var eftir af hálfu veiðimanna. „Áhættumatið segir til um hversu mikið má framleiða miðað við lágmörkun á að hætta skapist fyrir villtan lax í ám landsins. Einnig er umhverfisvöktun á eldissvæðum þar sem fylgst er með gæðum sjávar og botns en mælingar þar hafa komið mjög vel út og staðfesta sjálfbærni laxeldisins. Mengun undir eða við kvíar er því vel undir viðmiðunarmörkum sem sett eru af Umhverfisstofnun. Heilbrigði sjávar og botns er lykillinn hjá okkur að hágæða vöru til okkar viðskiptavina."

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni icefishfarm.is.

Laxinn frá Fiskeldi Austfjarða er allt í senn litfegurri, þéttari og áferðarbetri en annar eldislax. Þá er hann hollari og inniheldur meira magn af Omega3.

Fyrirtækið er með í framleiðslu lífrænt vottaðan lax sem verður kominn á markað innan tveggja ára. Í þeirri framleiðslu er fóðrið úr lífrænt ræktuðu hráefni og er einnig aukin krafa um rými sem hver fiskur hefur í kvínni.

Laxinn frá Fiskeldi Austfjarða lýtur strängustu vottunum og gæðakröfum sem skilar sér í hágæða vöru sem neytendur kunna að meta að verðleikum.

Á Heilsustofnun í Hveragerði hefur verið lögð mikil áhersla á sjálfbærni frá upphafi og grænmeti til matargerðar er ræktað á staðnum.

Lífrænt vor í lofti

Á Heilsustofnun í Hveragerði hefur frá upphafi verið lögð áhersla á holla og góða næringu. Þar hefur farið fram lífræn ræktun í áratugi og ýmsar tegundir sem boðið er upp á eru ræktaðar á staðnum.

Að sögn Inga Þórs Jónssonar, markaðsstjóra hjá Heilsustofnun, var stofnunin einn af frumkvöðlunum hérlendis í lífrænni ræktun.

„Frá upphafi hafa sjálfbærnisjónarmið einnig verið mjög ríkjandi í starfseminni þó það hafi ekki verið búið að finna upp þetta hugtak," segir Ingi Þór, en Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði hefur starfað frá árinu 1955.

„Það skiptir miklu máli til framtíðar að tileinka sér sjálfbærni. Við höfum gert það meðvitað og ómeðvitað frá upphafi. Við erum það heppin að við búum yfir okkar eigin orku að hluta til, sem eru tvær borholur sem hita upp öll húsin okkar, samtals 12.000 fermetra. Þar með talin gróðurhús," segir hann.

„Á Heilsustofnun koma árlega um 1.350 einstaklingar í endurhæfingu og dvelja hér í fjórar vikur að meðaltali. Í grunninn er boðið upp á mjög fjölbreytt og heilsusamlegt grænmetisfæði, myndarlegan salatbar ásamt girnilegum aðalréttum og súpum. Þetta er mjög hrein fæða og við notum ekki hvítan sykur eða hvítt hveiti, þannig hefur það alltaf verið hér. Fjölbreyttur, bragðgóður matur úr heilnæmu hráefni og fiskur er á boðstólum tvisvar í viku."

Næring mikilvæg

Ingi Þór segir að lífræn ræktun og endurhæfing fari vel saman.

„Kjörorð okkar er að bera ábyrgð á eigin heilsu. Í því felst að sinna bæði líkamlegri og andlegri heilsu. Við erum með fjölbreytta endurhæfingu hér á Heilsustofnun. Geðendurhæfingu, gigtarendurhæfingu, hjarta- og lungnaendurhæfingu, krabbameinsendurhæfingu, öldrunarendurhæfingu, tauga- og bæklunarendurhæfingu, offitu- og efnaskiptameðferð, streitumeðferð og verkjameðferð. Næringarþátturinn er mjög stór þáttur í heilsu og mikilvægur í allri endurhæfingu," segir hann.

„Undanfarin ár höfum við lagt áherslu á að rækta fleiri tegundir af grænmeti til að bjóða upp á hér á Heilsustofnun, en við erum ekki að framleiða á markað eins og áður. Hugsunin bak við það er að geta boðið upp á fjölbreyttara, lífrænt ræktað grænmeti fyrir okkar dvalargesti. Við höfum meðal annars verið að bæta við ýmiss konar salati, hnúðkáli, kúrbít og fleiri tegundum sem henta vel í matargerð. Einnig er leitast við að kaupa íslenskt grænmeti í heimabyggð. Fólk er sífellt að verða meðvitaðra um það hvað góð og holl næring skiptir miklu máli. Lífræn ræktun spilar stórt hlutverk þar."

Ingi segir að auk heilnæmrar, lífrænnar fæðu spili umhverfi Heilsustofnunar stórt hlutverk í endurhæfingunni.

„Fólk nýtur þess að vera úti í náttúrunni, en við erum með skipulagðar gönguferðir sem hluta af endurhæfingunni. Hér á lóðinni hafa verið gróðursettar þúsundir trjáa og umhverfið er aðlaðandi. Hér er því kjörið að næra bæði líkama og sál."

Hollvinasamtök Heilsustofnunar hafa stutt Heilsustofnun og fjármagnað kaup á ýmsum tækjum og búnaði. Hér taka Aðalheiður Einarsdóttir, sjúkraliði, Stefanía Sigurjónsdóttir, deildarstjóri hjúkrunar, Þorkell Guðbrandsson, hjartalæknir og Ingi Þór Jónsson, markaðsstjóri, við ABPM sólarhringsblóðþrýstingsmæli frá Welch Allyn.

Allt grænmetið er lífrænt ræktað og boðið er upp á fjölbreytt grænmetisfæði á staðnum.

Ingi segir að Heilsustofnun hafi verið einn frumkvöðlanna hérlendis í lífrænni ræktun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flytja inn lífrænt vottað hveiti

Bakaríið Brauð & Co hefur ákveðið að flytja inn lífrænt vottað hveiti til endursölu. Þannig fá viðskiptavinir tækifæri til að baka úr sama gæðahveiti og er notað í vörur bakarísins.

Brauð & Co varð fimm ára í mars en frá því að bakaríið var opnað hefur það ávallt notað lífrænt ræktað hveiti frá Ítalíu. Nú stendur til að flytja inn til landsins hágæða hveiti í neytendaumbúðum, sama hveiti og Brauð & Co notar í vörur sínar. Sigurður Máni Helguson, framkvæmdastjóri Brauðs & Co, segir að hveitið hafi nú þegar fengið Tún-stimpilinn, íslenska vottun um lífræna framleiðslu.

„Við höfum verið í ferli með stofnuninni Tún um að fá þennan íslenska stimpil á erlenda vöru. Vottunin er komin í gegn, en hveitið er flutt inn frá Ítalíu og er líka vottað lífrænt þar. Núna erum við bara að klára hönnunina á pakkningunum og erum að undirbúa innflutning. Ég býst við að hveitið verði fáanlegt um mitt sumar," segir Sigurður Máni.

Hann segir að ástæða þess að Brauð & Co hafi ekki farið út í að fá lífræna vottun á sínar vörur sé sú að þau noti íslenskt smjör í baksturinn en hér á landi er ekki framleitt lífrænt smjör. Öll brauðin frá bakaríinu eru þó alveg lífræn þar sem þau innihalda ekkert smjör.

„Grunnurinn í þeim er bara hveiti, vatn og salt. Við búum til súrinn úr vatni og hveiti. Þegar við fórum í ferlið með Túni, að fá vottun á hveitið, þá fannst þeim galið að við værum ekki að sækja um vottun fyrir brauðin okkar. Þannig að við ætlum núna með haustinu að sækja um vottun fyrir nokkrar vörutegundir hjá okkur," segir Sigurður Máni.

Sigurður Máni stefnir að því að flytja inn lífrænt vottað hveiti í neytendaumbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hveiti frá Norður-Ítalíu

Hveitið sem verður flutt inn kemur frá myllu á Norður-Ítalíu sem heitir Molino Sima. Hveitið er úr undirflokki sem kallast Sima Bio.

„Þetta er tvenns konar hveiti. Annað heitir Manitoba og er próteinríkt sterkt hveiti. Það er yfirleitt notað í brauðmeti. Brauð, beyglur og annað slíkt. Hin tegundin er Tipo 00 sem er mýkra hveiti. Ítalir nota það í allt, pitsugerð, eftirrétti og kökur. Það má nota þetta hveiti í brauðbakstur líka en það er betra að nota sterkara hveiti í brauð," útskýrir Sigurður Máni.

> Við notum þetta góða hveiti og núna getum við gefið viðskiptavinum tækifæri til að nota það líka.

„Við ætlum að byrja á þessum tveimur tegundum. Við erum líka að skoða möguleikana á að flytja inn spelt, en við ætlum að sjá fyrst hverjar undirtektirnar verða á hveitinu."

Sigurður Máni segist spenntur fyrir að leyfa viðskiptavinunum að prófa þessar hveititegundir.

„Það komst svolítið í tísku í COVID að baka heima. Sérstaklega súrdeigsbakstur. Við fengum fjölda fyrirspurna um hvaða hveiti við værum að nota. Við sáum þess vegna tækifæri í að flytja þetta hveiti inn. Við notum þetta góða hveiti og núna getum við gefið viðskiptavinunum tækifæri til að nota það líka. Samhliða því getum við miðlað okkar þekkingu til viðskiptavinanna og leiðbeint þeim um hvernig best er að nota vöruna," segir hann.

„Með þessu móti fáum við líka annars konar tengingu við viðskiptavininn."

Sífellt víðfeðmari sjóndeildarhringur

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum við Breiðafjörð framleiðir lífrænt vottað þörungamjöl sem selt er til ýmissa nota út um allan heim. Ríkáhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu í allri starfsemi fyrirtækisins auk samfélagslegrar ábyrgðar, umhverfis- og öryggismál.

„Margir vita af verksmiðjunni og eru forvitnir um hana en vita kannski ekki mikið um okkur," segir Finnur Árnason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Þörungaverksmiðjan hóf rekstur upp úr 1976. Hún var stofnuð til þess að nýta þessa náttúrulegu auðlind sem þang og þari er í Breiðafirði og heitt vatn sem rennur hér úr jörðu; nota þessar auðlindir til að skapa verðmæti og atvinnu fyrir fólkið."

Það er nóg um að vera hjá Þörungaverksmiðjunni. „Verksmiðjan er í gangi allan sólarhringinn meirihluta árs og hjá okkur vinna að jafnaði um eða yfir 20 manns."



Í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum við Breiðafjörð er áhersla lögð á sjálfbæra og örugga starfsemi. MYND/AÐSEND



Finnur Árnason framkvæmdastjóri.

Aukinn lífmassi

Finnur segir nýtinguna á þangi og þara vera sjálfbæra. „Við sláum þang í fjörum víðs vegar um Breiðafjörð og þess er gætt að festur og vaxtarhlutar plantna eru ekki skemmdar. Fylgst er með vexti þangsins og nýtingu stýrt þannig að gróðurinn er búinn að jafna sig að fullu áður en slegið er aftur. Að jafnaði er ekki slegið oftar en fimmta hvert ár," útskýrir hann.

„Áður en verksmiðjan fór af stað var lífmassi þangs og þara metinn í firðinum. Þær rannsóknir voru svo endurteknar árið 2017 og allar vísbendingar eru um að lífmassinn hafi aukist. Það er meiri gróður núna en fyrir 40-50 árum. Það eru auðvitað margar skýringar á því, eins og mildari vetur, hlýrri sjór og hlýrri veðrátta, en þetta sýnir að ekki er gengið á höfuðstólinn. Það má aldrei verða."

„Að nýta náttúrulega auðlind á sjálfbæran hátt er grundvöllurinn fyrir þeim lífrænu vottunum sem við höfum. Þær snúa annars vegar að nýtingu á villtum sjávargróðri, og hins vegar að framleiðslunni sem er líka lífrænt vottuð. Báðar vottanirnar eru samkvæmt evrópskum og norður-amerískum reglugerðum."

Fjölbreytt notagildi

„Í verksmiðjunni er þangið og þarinn þurrkaður og malaður. Mjölið er síðan selt í ýmsum grófleika, út um allan heim," greinir Finnur frá.

„Mjölið fer í tvær áttir má segja, það er ýmist notað sem áburður, dýrafóður og sem fæðubótarefni fyrir mannfólk, en efnainnihald mjölsins er mjög fjölbreytt. Mjölið er líka notað í snyrtivörur, bæði í hár- og húðvörur.

Síðan er mjöl einnig nýtt til framleiðslu á alginötum, eða fjölsykrum, sem eru notaðar í alla mögulega framleiðslu, meðal annars sem þykkingar- og bindiefni. Þar fer þetta meðal annars í matvæli, drykkjarvörur, snyrtivörur og til lyfjaframleiðslu. Þannig að það býður upp á mjög fjölbreytta nýtingu."

Samfélagsleg ábyrgð

Finnur segir kröfurnar um aukna sjálfbærni koma úr mörgum áttum enda séu þær hluti af og endurspegli enn þá stærra samhengi. „Það er grundvöllur verksmiðjunnar að ekki sé gengið á auðlindirnar; bæði heita vatnið og sjávargróðurinn. Það var og er útgangspunktur landeigenda og bænda frá upphafi og auðvitað verksmiðjunnar líka. Sama á við um stærsta hluthafa fyrirtækisins sem er mjög áfram um sjálfbærni og umhverfismál, auk öryggismála sem eru alltaf sett á oddinn."

Vottanirnar tengjast mjög umhverfismálum og núorðið meira og meira samfélagsatriðum og samfélagslegri ábyrgð. „Það eru ekki bara vottunarstofurnar sem auka kröfur og fara í fleiri áttir með spurningar og úttektir, hreyfingin er stöðugt í þessa átt; að skoða ekki bara það sem við erum að gera heldur hvernig það tengist vistkerfinu og svo samfélaginu sem við lifum í. Þetta verður alltaf víðfeðmari sjóndeildarhringur sem við þurfum og viljum fylgjast með."

Pågen
Bakað af alúð
Náttúruleg hráefni og án rotvarnarefna
Färsk Skärgårdskaka
18 st
Pågen
Hönö
Färsk Skärgårdskaka
SVENSKT MJÖL FRÅN EGEN KVARN
18 st
Pågen
Hönö

Grænsápan virkar ekki á hvað sem er

Það ber margt að varast fyrir neytendur þegar kemur að því að velja umhverfisvænar vörur fram yfir aðrar sem framleiddar eru með minni virðingu fyrir umhverfi, sjálfbærni og vinnuafli.

johannamaria@frettabladid.is

Grænþvottur er ekkert grín og til þess gerður að villa um fyrir neytendum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Við viljum öll gera vel, velja rétt og stuðla að betri heimi, en það getur verið flókið í heimi þar sem fyrirtæki eru sífellt uppvís að því að stunda svokallaðan grænþvott. Í Samantekt um kolefnisjöfnun, skýrslu sem unnin var á vegum Stjórnarráðsins í fyrra, kemur fram að grænþvottur sé „ ... tegund af villandi markaðssetningu þar sem vara eða fyrirtæki er sett fram sem betri en raun ber vitni varðandi áhrif á loftslag, náttúru og fólk. Með grænþvotti eru neytendur blekktir til að trúa því að vörur fyrirtækisins séu umhverfisvænar.“ Þá kemur einnig fram að grænþvottur hafi lengi verið vandamál, en að síðustu tíu árin hafi verið „meiri og meiri áhersla á gagnsæi og það að fyrirtæki fylgi reglum, viðmiðum og viðurkenndum stöðlum þegar kemur að grænu bókhaldi og umhverfis- og loftslagsaðgerðum.“

Áströlsk lög um grænþvott

ACL (Australian Consumer Law) hafa verið í gildi í Ástralíu um árabil, en um er að ræða lög sem leggja blátt bann við grænþvotti af hálfu fyrirtækja. Samkvæmt þeim mega fyrirtæki ekki afvegaleiða eða blekkja neytendur að yfirlögðu ráði um umhverfisáhrif framleiðsluvaranna og eru ströng viðurlög við því að brjóta þessi lög. Samkvæmt ACL eru tekin fyrir nokkur hugtök sem fyrirtæki hafa notað í markaðssetningu sinni, án þess að vísa til þess hvernig fyrirtækið stendur nákvæmlega undir þessum hugtökum og villa þannig um fyrir viðskiptavinum.

„Grænt“ er samkvæmt ACL loðið og óljóst hugtak sem sé mikið notað í markaðssetningu fyrirtækja. Orðið „grænt“ í markaðsheiminum er í raun mjög óljós staðhæfing um að varan sem um ræðir sé á einhvern hátt minna skaðleg umhverfinu en aðrar vörur og er hugtakið í raun merkingarlaust .

Hugtakið „Umhverfisvænt“ er einnig talið vera villandi og óljóst og fær jafnvel neytendur til að trúa því að framleiðsluferli vörunnar hafi ekki nein neikvæð áhrif á umhverfið. Fáar, ef nokkrar vörur geta í raun staðið undir þessari staðhæfingu, þar sem nær öll framleiðsla vara hefur einhver neikvæð áhrif á umhverfið og sama gildir um umbúðir, notkun og losun.

Ef hugtakið „orkunýtið“ eða „energy efficient“ er notað í markaðssetningu fyrirtækis þarf að setja fram skýr gögn um magn skilvirkninnar í samanburði við fyrirframgefna einkunnarstaðla, eða nákvæma útskýringu á eðli nýtninnar. Að staðhæfa einfaldlega að vara stuðli að orkunýtni gerir neytendum erfitt fyrir við að gera samanburð á vörum og getur blekkt þá til þess að draga rangar ályktanir.

Endurvinnanleiki vara er mismikill eftir því hvar varan er seld. Staðhæfingar þess efnis að vara sé endurvinnanleg geta verið skaðlegar, ef ekki er boðið upp á endurvinnslumöguleika þar sem hún er keypt. Framleiðendur og söluaðilar skulu þá sannreyna að vara sé endurvinnanleg áður en slíkar staðhæfingar eru settar fram. Neytendur eru vísir til þess að túlka endurvinnslumerki, til dæmis þrjár örvar sem vísa í þríhyrning, svo að varan sé líkleg til þess að enda líftíma sinn á endurvinnslustöð. Ef fáar eða engar viðeigandi endurvinnslustöðvar eru í boði á því svæði sem varan er seld, þá getur notkun merkisins verið villandi.

„Kolefnisjafnað“ eða „Carbon Neutral“ er annað hugtak sem fyrirtæki nota til að kynna vörur sínar. Allar staðhæfingar um kolefnisjöfnun skulu vera byggðar á staðreyndum og ekki ýktar. Þá skal framleiðandi taka til skoðunar allan líftíma vörunnar. Ef vara telst eingöngu vera kolefnisjöfnuð hvað varðar framleiðsluferli en ekki þegar kemur að notkun vörunnar, þá getur slík markaðssetning verið blekkjandi fyrir neytendur. Til dæmis ef um er að ræða mótorhjól. Að auglýsa mótorhjól sem kolefnisjafnað, þegar átt er við að framleiðsluferlið fram að sölu sé kolefnisjafnað, getur verið villandi fyrir neytanda sem gæti haldið að mótorhjólið sé kolefnisjafnað yfir allan líftímann.

Það er mikilvægt fyrir marga neytendur við val á vöru að notuð sé „endurnýjanleg eða græn orka“ í framleiðsluferlinu. Fyrirtæki skulu því passa upp á að segja satt og rétt frá í staðhæfingum um notkun á slíkri orku. Til dæmis ef fyrirtæki auglýsir að vara sé framleidd með endurnýjanlegri eða grænni orku, þá skuli það koma skýrt fram hversu mikill hluti af orkunni sem notuð er sé endurnýjanleg eða græn, ef magnið er undir 100%.

Hópkeyrsla Snigla 1. maí

Hin árlega hópkeyrsla Snigla verður 1. maí kl. 12.30

- Laugarvegur opnar 11.45, vinsamlegast komið inn á Laugaveg frá Hlemmi eða Snorrabraut, upp á talningu.
- Hjólum lagt niður Laugaveg, athugið 50 hjól í hóp, og biðjum við fólk um að vera við sitt hjól og vera með grímur. Fólk á vegum Snigla mun vera á röltinu og minna okkur á.
- Keyrslan leggur af stað stundvíslega kl 12.30 og biðjum við ykkur um að vera tilbúin á þeim tíma.
- Farið verður sömu leið og venjulega, þ.e. Sæbraut, Miklabraut og endað við Bauhaus.
- Þar biðjum við ykkur um að leysa upp keyrsluna sem fyrst, og gætið vel að sóttvörnum.

Stöndum saman, verum til fyrirmyndar og fögnum vorinu.

BIFHJÓLASAMTÖK LÝÐVELDISINS sniglar

NÝ SENDING AF GALLABUXUM & SUMARVÖRUM

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRÐUM 42-58

Sjáðu úrvalið og pantaðu í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg
** OPIÐ LAUGARDAGINN 1 MAÍ frá kl. 11-16 **

Curvy

FRÍ HEIMSENDING EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR 5000 KR EÐA MEIRA

*Verslunin Curvy * Fellsmúli 26 v/Grensásveg, 108 Reykjavík * sími 581-1552 * www.curvy.is*

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Audi A3 Sportback e-Tron Hibryd. 8/2017 Modelár 2018. Ekinn aðeins 39 þús.km. Sportsæti. Panorama glerþak. 17" álfelgur. Sjálfskiptur. LED ljós. Ofl. Verð aðeins 4.290.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

H bókhald
Alhliða bókhalds- og launavinnsla
Traust og áreiðanleg þjónusta
Sími 8629339 - hbokhald@hbokhald.is
Þinghólsbraut 71, 200 Kópavogur

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Til sölu

Ný kynslóð
Retigo ofna: **Vision Generation II**
Kynntu þér betur ofnana í
Sýningarsal okkar að Draghálsi 4

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

TAKTIK 5126 #

HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA

WRIGLEY'S Extra®

FYRIR HREINAR OG FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 3	3 °C | 7	1 °C | 6
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 5	9 °C | 3	0 °C | 6

Gengur í norðaustan 5-13 m/s í dag með éljum fyrir norðan og austan, rigningu eða slyddu suðaustantil, en léttir til suðvestanlands. Hiti 7 til 11 stig suðvestast, en annars 1 til 7 stig.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 5	2 °C | 7	3 °C | 4
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 6	5 °C | 2	-2 °C | 8

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 3	3 °C | 3	3 °C | 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 6	3 °C | 1	-2 °C | 8

LÉTT

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
	5		2			3	1	

MIÐLUNGS

5	2		9		4			
3			2		6	8		4
		9					5	
8	9	3		6				
	4				5			
			4	2			6	
					1			6
1	5		3					
	3			8	9	5	7	

ÞUNG

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6					5	
		3			1			

Krossgáta

LÁRÉTT
1 óhreinka
5 dráttur
6 íþróttafélag
8 dusta
10 hvort
11 grön
12 nýlega
13 rölt
15 stækka
17 kvk nafn

LÓÐRÉTT
1 útausa
2 svörður
3 væta
4 tálma
7 notfæra
9 miðar
12 niðurandlit
14 vesal
16 ætíð



LÁRÉTT: 1 útsta, 5 tog, 6 fh, 8 hrista, 10 ef, 11 erg, 12 áðan, 13 lall, 15 aukast, 17 marra.
LÓÐRÉTT: 1 útbella, 2 torf, 3 agi, 4 aftra, 7 hagnýta, 9 seðlar, 12 álka, 14 aum, 16 sí.

Skák Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2327) átti leik gegn Birni Þorfinnssyni (2384) á Íslandsmótinu í skák.

22...Bxb3! (22...Be4! er annar góður leikur). **23. Bf2** (23. Hxb3 Rxd4). **23...Bd5 24. Db6 Dxb6 25. Hxb6 Ra5 26. Hc5 Rb3! 27. Hxd5 Hc1+ 28. Be1 exd5! 0-1.** Hjörvar Steinn Grétarsson hefur hálfs vinnings forskot á Jóhann Hjartarson fyrir lokaumferðina sem fram fer í dag.
www.skak.is: Allt um Íslandsmótið.

Svartur á leik

FRÉTTABLAÐIÐ
er helgarblaðið

Áreitt úti á götu og í sundi
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og formaður skipulags-og samgönguráðs, hefur áhyggjur af því að starfsumhverfi stjórnmálanna muni skila sér í einsleitari stjórnmálamönnum. Hún segir stjórnmálin erfitt umhverfi að koma inn í og telur það síður henta konum og barnafólki.

Það eru engir útvaldir
Móðir þolanda í kynferðisbrotamáli segist hafa líkt og lamast þegar hún heyrði að nákominn einstaklingur hefði brotið á barni hennar. Hún þakkar síendurteknu samtali þeirra á milli að barnið hafi þó sagt frá og vill efla forvarnir. Talið er að 17 til 36 prósent barna á Íslandi séu beitt kynferðisofbeldi eða áreitni fyrir 18 ára aldur.

Ríkasti maður heims
Í janúar síðastliðnum ýtti **Elon Musk**, Jeff Bezos, stofnanda Amazon, úr toppsætinu yfir ríkustu einstaklinga heims. Nafn hans kemur æ oftar fyrir í fréttaflutningi en frægðarsól þessa sérlundaða viðskiptamógúls rís sífellt hærra um leið og innistæður á bankareikningum hans hækka.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

6	1	4	8	2	9	5	7	3
8	2	5	7	3	6	9	4	1
3	7	9	4	1	5	2	6	8
1	4	7	5	6	8	3	2	9
9	8	6	2	7	3	4	1	5
5	3	2	1	9	4	6	8	7
4	5	1	9	8	2	7	3	6
7	9	3	6	4	1	8	5	2
2	6	8	3	5	7	1	9	4

7	9	6	8	2	1	4	5	3
8	3	4	6	9	5	7	1	2
1	2	5	7	3	4	6	9	8
5	4	7	3	6	9	8	2	1
9	6	1	4	8	2	3	7	5
2	8	3	5	1	7	9	4	6
3	5	2	9	4	8	1	6	7
4	7	8	1	5	6	2	3	9
6	1	9	2	7	3	5	8	4

7	3	6	4	5	9	2	8	1
8	2	4	1	7	3	9	6	5
9	1	5	6	8	2	3	4	7
5	8	2	7	9	6	4	1	3
1	4	9	3	2	8	5	7	6
6	7	3	5	4	1	8	9	2
2	9	7	8	1	5	6	3	4
4	6	8	2	3	7	1	5	9
3	5	1	9	6	4	7	2	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUMARGLEÐI
ORMSSON

KÍKTU Á ÚRVALIÐ
ORMSSON.IS

Takmarkað magn í boði

75" QLED Q80T

Á SUMARTILBOÐI
KR. 349.900,-

65" QLED Q95T

Á SUMARTILBOÐI
KR. 349.900,-

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Áhorfandinn eins og gestur á nýrri plánetu

Fallandi trjám liggur margt á hjarta er sýning í Kling & Bang. Átta listamenn eiga verk á sýningunni. Helena Aðalsteinsdóttir er sýningarstjóri. Hún vildi skapa rými þar sem femínískar frásagnir nytu sín.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin skoðar framlag kvenna og jaðarhópa, segir Helena Aðalsteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Átta listamenn eiga verk á sýningunni Fallandi trjám liggur margt á hjarta í Kling & Bang í Marshallhúsinu. Sýningarstjóri er Helena Aðalsteinsdóttir.

„Ég er mjög mikil áhugamanneskja um vísindaskáldskap, sérstaklega femínískan vísindaskáldskap. Í bókmenntum er lesandinn dreginn á ótrúlega sterkan hátt inn í heim rithöfundarins. Ég velti því fyrir mér hvernig væri hægt að gera þetta sama á sýningu þannig að áhorfandinn yrði eins og gestur á nýrri plánetu þegar hann kæmi inn í sýningarsalinn. Þetta var hugmyndin á bak við sýninguna," segir Helena og bætir við: „Mig langaði til að búa til rými þar sem femínískar frásagnir fengju að njóta sín. Þarna er ekki verið að nota vísindaskáldskap til að forðast raunveruleikann heldur frekar til að kafa dýpra inn í hann. Sögurnar sem móta heimssýn okkar eru enn þann dag í dag frásagnir feðraveldis. Femínískur vísindaskáldskapur endurskrifar þessar frásagnir. Sýningin skoðar framlag kvenna og jaðarhópa og varpar ljósi á fjölbreyttari viðhorf til tilvistar okkar á jörðinni."

Spurð hvort verk listamannanna séu lík segir Helena: „Listamennirnir á sýningunni koma frá mörgum ólíkum áttum og leita í persónulegan reynsluheim í gerð verkanna sinna. Hér eru þeir að varpa fram mismunandi framtíðarsýnum, en þegar verkin koma saman áttar maður á sig á því að það eru mörg líkindi á milli þeirra. Það er kannski hægt að túlka það sem sameiginlegt ákall um breytingar og framtíð fyrir alla."

Líffæri og köngulær

Elín Margot er fransk-íslenskur hönnuður sem sýnir líffæri unnin úr keramik. „Þarna eru stórir kúplar tengdir við keramikskúlptúra. Verkið er gosbrunnur þannig að það er flæði á milli kúplanna og í þeim ræktar Elín Margot te, sem hún vinnur úr bakteríum úr sínu nánasta umhverfi. Hún er að ímynda sér framtíðareldhús og verkið kallar fram spurningar um það hvar líkaminn endar og hvar fæðan byrjar," segir Helena.

Líffæri unnin úr keramik eftir hönnuðinn Elínu Margot.

Köngulær úr stáli eftir Dýrfinnu Benitu Basalan mæta gestum og verða æ meira áberandi því lengra sem farið er inn í salinn og í stærsta rýminu er köngulóahreiður. „Dýrfinna sér sjálfa sig í köngulónni sem er kvenleg, hættuleg og á jaðrinum. Hún sér fegurð og árásarhneigð í köngulónni sem þarf að taka yfir rými til að verða sýnileg."

Listamennirnir á sýningunni eru

- Josephine van Schendel
- Þórey Björk Halldórsdóttir
- Bára Bjarnadóttir
- Dýrfinna Benita Basalan
- Tabita Rezaire
- Brokat Films
- Elín Margot
- Tarek Lakhrissi

Samtal manns og náttúru

Bára Bjarnadóttir sýnir hljóðverk. „Hún er að fjalla um samtal manns og náttúru. Hún gerir þetta mjög myndrænt í einlægu viðtali við móður sína og Bára ímyndar sér hvernig það væri að vera tré á landi móður sinnar. Hún veltir fyrir sér hvernig upplýsingar ferðast milli ólíkra vitunda og hvernig við erum í stöðugu samtali við umhverfið okkar." segir Helena.

Að lokum nefnir Helena verk eftir Tarek Lakhrissi sem hún segir tengjast beint inntaki sýningarinnar. „Þetta er stuttmynd sem fjallar um geimveruinnrás á jörðina. Þar er verið að kollsteypa valdapíramídanum því geimverurnar stela öllum valdamestu mönnum heimsins. Í stað þess að fagna grípur um sig ákveðin sorg vegna óréttlætisins sem hefur átt sér stað í heiminum, en eftir það er mögulegt að byggja bjartari framtíð."

Sýningunni lýkur 9. maí og opið er miðvikudaga til sunnudaga.

Barnabókaverðlaunin veitt

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar voru veitt á dögunum.

Freydís Kristjánsdóttir hlaut Barnabókaverðlaunin fyrir myndlýsingar í bókinni Sundkýrin Sæunn. Jón Stefán Kristjánsson var verðlaunaður fyrir þýðingu sína á bókinni Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen 3 eftir Finn-Ole Heinrich og Rán Flygenring. Snæbjörn Arngrímsson fékk verðlaun fyrir bestu frumsömdu bókina á liðnu ári, Dularfullu styttuna og drenginn sem hvarf.

Snæbjörn Arngrímsson fékk verðlaun fyrir bestu frumsömdu bókina á liðnu ári, Dularfullu styttuna og drenginn sem hvarf.

Snæbjörn Arngrímsson verðlaunarithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dimma fær enn meira lof

Dimma eftir Ragnar Jónasson fær fimm stjörnur í Verdens Gang en bókin kom nýverið út í Noregi. Gagnrýnandinn segir að það sé auðvelt að sjá hvers vegna Ragnar sé að verða eitt af stóru nöfnunum í norrænum glæpasögum. Dimma hefur að undanförnu vakið mikla athygli á Norðurlöndunum. Hún fékk meðal annars fimm stjörnu dóma í fjölda blaða í Danmörku fyrir skemmstu.

Gagnrýnandi Verdens Gang segir meðal annars: „Það er sjaldgæft að eldri konur séu aðalpersónur í nýlegum glæpasögum og það er hressandi að lesa krimma út frá því sjónarhorni. Sérstaklega þegar maður hefur í huga tilvistarspurningarnar sem höfundurinn varpar fram. ... Hinir ólíku þræðir vefjast glæsilega saman og ég man ekki eftir að hafa lesið glæpasögu þar sem sögulokin eru svona óvænt og átakanleg.

Metsöluhöfundurinn Ragnar Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er auðvelt að sjá hvers vegna Ragnar er á leið með að verða eitt af stóru nöfnunum í norrænum glæpasögum. Eftir að hafa gefið sig á vald Huldu og umhverfinu sem hún berst á móti er erfitt að slíta sig lausan."

Libby's®

Þetta verður veisla!

GERÐU GARÐINN FRÆGAN

898 kr./pokinn

Van Egmond Gróðurmold
40 ltr. í poka

259 kr./parið

Koop Garðhanskar
nokkrar stærðir

13% LÆGRA VERÐ

649 kr./kg

Bónus Ferskur Kjúklingur
heill - verð áður 749 kr./kg

EINFALDUR OG GÓMSÆTUR FORRÉTTUR

2.998 kr./ks.

Nauta Carpaccio
frosið - 10x80 g

898 kr./flaskan

Himneskt Jómfrúar Ólífuolía
500 ml - lífræn

259 kr./pokinn

Bónus Klettasalat
75 g

10% LÆGRA VERÐ

359 kr./flaskan

Innocent Ferskur Ávaxtasafi
900 ml - verð áður 398 kr.

ANANAS

359 kr./stk.

Ferskur Ananas
heill u.þ.b 1,3 kg

MAÍS

195 kr./stk.

Ferskur Maís
heill u.þ.b 300 g

APPELSÍNUR

198 kr./kg

Ferskar Appelsínur
í lausu

19% LÆGRA VERÐ

ATH: SELT Í STÖKUM DÓSUM

69 kr./dósin

Coca-Cola Án Sykurs
330 ml - verð áður 85 kr.

25% LÆGRA VERÐ

69 kr./dósin

AVA Aldinvatn
330 ml - verð áður 92 kr.

Verð gildir til og með **2. maí** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS
GRILLVERSLUN
ALLRA LANDSMANNA

4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautaribeye
100% íslenskt

4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautafillet
100% íslenskt

STEIK OG FRANSKAR

298 kr./pk.

Aviko Steikarfranskar
750 g

400 kr. LÆGRA VERÐ

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

2.198 kr./kg

Norðanfiskur Laxaflök marineruð í trufflu og hvítlauk
verð áður 2.598 kr./kg

Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri): Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin – brot úr þætti Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
19.30 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.00 Lífið er lag (e) er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
20.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar með Margréti Erlu Maack.
21.00 433.is (e) 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
21.30 30 Bærinn minn (e) segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

RÚV SJÓNVARP

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Íþróttafólkið okkar
12.05 Í garðinum með Gurrý
12.35 Eyðibýli Vatnshorn.
13.15 Persónur og leikendur Árni Tryggvason.
13.55 Carmen. Maquia og Havana-klúbburinn
15.35 Grænkeramatur
16.05 Músíkmolar
16.20 Ugluvinir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ósagða sagan
18.29 Nei sko! Mannasúpa
18.35 Húllumhæ
18.50 Landakort Spinnur ull af eigin kindum.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Gettu betur - Bransastríð Nýir skemmtiþættir í anda Gettu betur þar sem kraftmikil lið áhugafólks og atvinnumanna á völdum sérsviðum takast á í léttum og spennandi spurningaleik.
20.50 Vikan með Gísla Marteini
21.40 Frankie Drake
22.25 Brim Íslensk bíómynd frá 2010 eftir Árna Ólaf Ásgeirsson. Ung kona ræður sig sem háseta á bát þar sem fyrir er samheldinn hópur karla.
00.00 Poirot - Konan með blæjuna. Agatha Christie's Poirot II. The Veiled Lady
00.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.30 2021 PGA Tour Champions Learning Center
07.50 PGA Profiles. How I Won Justin Rose. 2015 Zurich Classic.
07.55 PGA Tour 2021 Útsending frá Valero Texas Open.
13.00 European Tour 2021 Bein útsending frá Tenerife Open.
18.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá Valspar Championship.
22.00 Golf with a Purpose Charity Challenge Góðgerðarþáttur frá 2020.
02.30 LPGA Tour 2021 Bein útsending frá HSBC Women's World Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 The Biggest Loser
15.45 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Liar Liar Grínmynd frá 1997 með Jim Carrey.
21.40 Indiana Jones and the Temple of Doom
23.35 Gangs of New York Kvikmynd frá 2002 með Leonardo DiCaprio, Liam Neeson, Cameron Diaz og Daniel Day-Lewis í aðalhlutverkum. Sagan gerist árið 1863. Ungur maður að nafni Amsterdam snýr aftur til New York eftir 16 ára fjarveru og ætlar sér m.a. að ná hefndum gegn William "Bill The Butcher" Cutting, sem drap föður hans í blóðugu klíkustríði. Leikstjóri er Martin Scorsese.
02.15 The Walking Dead

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
10.15 Bók vikunnar Sálumessa.
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Málið er Breytt um stefnu í lífinu.
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Vinill vikunnar
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Lög á íslensku frá árunum í kringum 1970.
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (22 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.45 Spider-Man. Into the Spider Verse
11.40 Time Freak
13.20 The Notebook
15.20 Spider-Man. Into the Spider Verse
17.15 Time Freak
18.55 The Notebook
21.00 Zombieland. Double Tap
22.35 Water for Elephants
00.35 Halloween
02.15 Zombieland. Double Tap Hressandi hrollvekja frá 2019 með Woody Harrelson, Jesse Eisenberg, Abigail Breslin og Emma Stone.

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Shark Tank
10.50 Hvar er best að búa?
11.20 Trans börn
12.00 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Between Us
13.35 Landhelgisgæslan
13.55 Ég og 70 mínútur Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum.
14.30 Í eldhúsinu hennar Evu
14.45 Jamie's Quick and Easy Food
15.10 Grand Designs. Australia
16.00 The Goldbergs
16.20 Modern Family
16.40 The Office
17.05 Mom
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 The Masked Singer
20.00 Thunder Road
21.30 Sorry to Bother You
23.15 Hunter Killer
01.15 Searching
02.55 Veronica Mars
03.40 The O.C.
04.20 Between Us
05.05 Ég og 70 mínútur

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 Batwoman
21.55 Arrow
22.40 Shrill
23.05 Simpson-fjölskyldan
23.30 Bob's Burgers
23.55 Friends
00.20 Friends
00.40 The Office

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Domino's körfuboltakvöld
09.30 Breiðablik - Skallagrímur Útsending frá leik í Domino's deild kvenna.
10.55 FH - Stjarnan 2016
11.15 Haukar - Keflavík Útsending frá leik í Domino's deild kvenna.
12.35 GS#9 Heimildarmynd um knattspyrnuferil Guðmundar Steinarssonar leikja- og markahæsta leikmanns í sögu knattspyrnudeildar Keflavíkur.
13.40 Stjarnan - ÍA Útsending frá leik í Lengjubikar karla.
15.15 Manstu 2
16.00 Stjarnan - FH Útsending frá leik í Olís deild karla.
17.20 Grótta - ÍR
18.35 KA - Afturelding
20.00 Keflavík - KR Bein útsending frá leik í Domino's deild karla.
22.00 Domino's körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 2

08.20 PSG - Manchester City
10.05 Real Madrid - Chelsea
11.45 La Liga Show
12.10 Manchester United - Roma
13.50 Inside Serie A
14.15 Villarreal - Arsenal
15.55 Evrópudeildarmörkin
16.50 Växjö DFF - Kristianstad DFF Bein útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni.
19.05 UCAM Murcia CB - Valencia Basket Club Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.

RIF RESTAURANT
Hádegistilboð
2.090 kr

Val á milli tveggja rétta,
nýjir réttir í hverri viku!
Kaffitilboð
Vaffla/súkkulaði kaka &
kaffi/kakó/gos
1.290kr

Virka daga frá 14-17:00
Laugardaga 12-17:00
Forréttatilboð
Premium vængir og drykk
1.790kr
Gildir alla daga til 17:00

/rifrestaurant
/rifrestaurant
HAPPY HOUR
ALLAN DAGINN
ALLA DAGA

RENAULT
Passion for life

Nýr Renault **CAPTUR** á frábæru verði!

300.000 kr. KAUPAUKI

Veldu þér aukahluti og búnað sem henta þínum þörfum, lífsstíl eða áhugamálum.

Plug-in Hybrid
5 ára ábyrgð.

Verð frá: **4.490.000 kr.**

Í nýja Captur Plug-in Hybrid sestu undir stýri á tæknilega fullkomnum og ótrúlega sparneytnum bíl sem skilar þér allt að 65 km* á rafmagninu einu saman. Pantaðu reynsluakstur og upplifðu Renault þægindi og aksturseiginleika.

www.renault.is

Prófaðu Captur í 24 tíma

Hafðu samband við okkur og við lánum þér nýjan Captur, sótthreinan og fínan í sólarhring.

*Drægni miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægni í raunverulegum aðstæðum.

ENNEMM / SIA / NM005704

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL


Kanadíska fyrirsætan og leikkonan Shalom Harlow alltaf jafn flott.



Bella Hadid var stórglæsilegur fulltrúi yngri kynslóðar ofurmódela á sýningunni.

Ashley Graham sneri aftur á tískupallana eftir að hafa eignast son í fyrra, og var einstaklega flott.

Glamúr og glæsileiki á götum New York

Hönnuðurinn Michael Kors hélt upp á fjörutíu ára afmæli merkisins með stæl nú á dögunum. Hann fékk margar af þekktustu fyrirsætum síðustu ára til að sýna nýjustu línu sína.

Tískuvikurnar hafa flestar verið með mjög breyttu sniði vegna heimsfaraldursins. Sýningarnar hafa verið dreifðar yfir lengri tíma og margar hafa farið fram fyrst og fremst í streymi. Tvö stór tískuhús áttu stórafmæli í ár, annars vega Gucci sem varð hundrað ára og hinsvegar Michael Kors sem hélt upp á fjörutíu ára starfsafmæli með veglegri sýningu á götum New York. Hann fékk til liðs við sig ýmis ofurmódel á borð við Naomi Campell, Helenu Christiansen og Bellu Hadid. Sýningin var einstaklega vegleg og fór fram á Broadway, enda er Michael Kors mikill leikhúsunnandi og frá New York. Sýningin var að sjálfsögðu líka sýnd í streymi.

steingerdur@frettabladid.is

Alex Wek í æðislegri, rauðri dragt.

Naomi Campell er góðvinkona Kors og tók að sjálfsögðu þátt í sýningunni.

Danska fyrirsætan Helena Christiansen var ein af ofurfyrirsætum níunda áratugarins og sýndi nú.


pepsi
MAX
DEILDIN
AÐEINS 3.990 KR./MÁN.
Í BEINNI FRÁ HLÍÐARENDA
Í KVÖLD 19:30
STAKUR VIÐBURÐUR 990,-
SPORT
Tryggðu þér áskrift á stod2.is

Tekur Vor í Vaglaskógi í The Voice

Natan Dagur hefur vakið athygli fyrir frammistöðu sína í norskri útgáfu þáttanna The Voice. Í kvöld mun hann taka lagið Vor í Vaglaskógi í annarri útgáfu í beinni útsendingu og nú geta Íslendingar tekið þátt í kosningunni.

Hann Natan Dagur Benediktsson hefur svo sannarlega slegið í gegn í norskri útgáfu The Voice. Hann söng sig inn í hug og hjörtu dómaranna með laginu Bruises með Lewis Capaldi í fyrstu umferð, svokölluðu „blind auditions“. Einn af vinsælustu tónlistarmönnum Noregs, Matoma, táraðist yfir flutningnum. Allir dómararnir sneru sér við og vildu vinna með Natani, en hann valdi að vinna með reynsluboltanum Inu Wroldsen. Hún hefur getið sér góðs orðs sem söngkona hljómsveitarinnar Ask Embla, sem hún stofnaði ásamt Íslendingnum Arnþóri Birgissyni. Natan viðurkennir að margt hafi breyst frá því hann hóf þátttöku í keppninni.

„Þá helst að því leyti að ég finn fyrir miklu meiri tengingu inn í tónlistarheiminn og hvert ég stefni. Svo líður mér einnig mun betur á sviðinu.“

Hann segist hafa lært margt af reynslu sinni úr þáttunum.

„Já, ég hef lært slatta, bæði hvað varðar tónlist í sjónvarpi og utan sjónvarps, hvernig allt virkar í kringum svona keppni og hvað það er mikilvægt að sýna sjálfan sig eins og maður er í raun og veru.“

En hefur þú eitthvað lent í því að fólk úti á götu kannist við þig vegna þáttanna?

„Það hefur gerst nokkrum sinnum en vegna COVID þá er mikið lokað hérna og allir með grímu utandyra.“

Natan segist mjög ánægður með að hafa valið Inu sem þjálfara sinn, enda sé hún öguð og nösk tónlistarkona. MYND/TV2

Gott samstarf

Hann segir samstarfið með Inu hafa gengið mjög vel.

„Ég er mjög ánægður með hafa valið hana sem „mentor“, hún er hörð og ákveðin sem mér finnst vera jákvætt. Sérstaklega þegar að vakna upp margar spurningar og skoðanir úr öllum áttum. Ég valdi hana vegna þess að hún hefur mikið vit og þekkingu á tónlist. Ég held að hún geti fengið út þann söngvara sem mig langar að verða og er enn þá með þá skoðun í dag.“

Hann segist enn ekki hafa lent í neinum furðulegum aðdáendum.

„Engum furðulegum en ég hef fengið nokkur ástarbréf, ástarlag, tilboð og alls konar frá konum á öllum aldri, sem mér þykir ótrúlega huggulegt og skemmtilegt,“ segir hann og hlær.

Hvernig hafa samskipti þín verið við aðra keppendur?

ÉG HEF FENGIÐ NOKKUR ÁSTARBRÉF, ÁSTARLAG, TILBOÐ OG ALLS KONAR FRÁ KONUM Á ÖLLUM ALDRI, SEM MÉR ÞYKIR ÓTRÚLEGA HUGGULEGT OG SKEMMTILEGT.

„Samskipti mín við aðra keppendur hafa verið ótrúlega notaleg og skemmtileg. Þetta eru allt saman eðal-einstaklingar og ég mun halda sambandi við marga af þeim.“

Lagavalið fyrir hvern þátt fer fram í sameiningu með Inu og framleiðendunum.

„Fyrir beinu útsendingarnar sendi ég inn lista með þeim lögum sem mig langaði helst að taka, Ina sendi nokkur og framleiðendurnir nokkur. Við unnum svo saman úr þessum lista og ákváðum þau lög sem ég tæki ef ég færi alla leið, sem sagt fimm lög,“ segir Natan.

Ánægður með lagavalið

Hann segist oft vera með skýra hugmynd um hvaða lag hann vill taka og í hvaða stíl.

„En ég er líka mjög opinn fyrir þeirra hugmyndum og svo ákveðum við þetta í sameiningu.“

Nú hefur verið opinberað að Natan mun taka lagið Vor í Vaglaskógi í fyrstu beinu útsendingunni. Þetta þykir spennandi og eflaust smá djarft að taka lag á íslensku fyrir frændur okkar í Noregi. Natan er þó öruggur og ánægður með lagavalið og stefnir að sjálfsögðu á að komast áfram í keppninni.

„Mér hefur lengi þótt Vor í Vaglaskógi vera fallegt lag og mér hefur alltaf þótt skemmtilegt að syngja það. Mig finnst mjög skemmtilegt að taka lag sem er bæði fallegt og fallegur og góður texti. Mér finnst líka gaman að sýna þennan hluta af sjálfum mér, ég er Íslendingur,“ segir Natan, sem talar þó reiprennandi norsku. Faðir hans, Benedikt Viggósson, tók þá ákvörðun að flytja út með syni sínum í kjölfar þess að hann komst inn í keppnina.

Krefjandi flutningur

Natan segist hlakka mikið til að syngja í fyrsta sinn í beinni útsendingu.

„Það er virkilega gaman að ég skuli vera kominn svona langt og ég vona að þetta verði ekki seinasti flutningurinn minn í The Voice Norway 2021. Það er náttúrulega hægt að anda rólega og reyna að slappa af en það er ekkert sem getur undirbúið mig hundrað prósent fyrir tilfinninguna sem ég fæ þegar ég er kallaður upp á svið.“

Hann segist spenntur að sjá hvernig þessi íslenska klassík, Vor í Vaglaskógi, leggst í norsku þjóðina. Lagið verður sett í annan búning, sem Natan vann í samstarfi við Inu.

„Ég er bara spenntur að sjá hvort að ég nái að fá þau til þess að skilja textann, sérstaklega svona án þess að þau skilji orðin. Það mikilvægasta er að ég fái þau til þess að skilja meiningu og þýðingu í textans. Ég veit að það verður því mjög krefjandi að syngja á íslensku. En þetta er spennandi,“ segir hann.

Þátturinn er í kvöld á norsku stöðinni TV2. Við Íslendingar getum svo í fyrsta sinn kosið okkar mann áfram á heimasíðu stöðvarinnar, www.tv2.no.

steingerdur@frettabladid.is

Hefur þú notað þína Ferðagjöf?
Hún rennur út 31. maí!
Nánar á ferdagjof.island.is
Þínar gjafir
FERÐA-GJÖF
5.000 kr.
Ferðagjöfin þín fyrir íslenska ferðaþjónustu
ÍSLAND KOMDU MEÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

20 ÁRA

NÆR ÞITT FYRIRTÆKI TIL FJÖLDANS?

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og leyfðu okkur að hjálpa þér og þínu fyrirtæki að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – auglysingar@frettabladid.is

44% íbúa höfuðborgar-svæðisins á aldrinum **18-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49% íbúa höfuðborgar-svæðisins á aldrinum **35-65 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68% íbúa höfuðborgar-svæðisins á aldrinum **55-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*





*Samkvæmt prentmælingum Gallup

TIL HA
með stórfenglegt
ÍAV
með þakklæti fyrir samstarfið

MINGJU

baðlón á Kársnesi

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

Gervigreint mannkyn

Þrátt fyrir augljósa annmarka hefur mannkyninu tekist, í gegnum aldirnar, að koma sér upp mikilli þekkingu á óteljandi sviðum. Allar okkar ákvarðanir, allt sem við framkvæmum, byggir að meira leyti á þessari aldagömlu uppsöfnuðu þekkingu, sem færist á milli heila kynslóðanna.

Skáldið Einar Benediktsson sagði að orð væri á Íslandi til um allt sem er hugsað á jörðu. Að sama skapi má segja að Google geti fundið skrár um allt sem mannkynið hefur nokkurn tímann hugsað – að samansafn heila genginna kynslóða sé einfaldlega hægt að gúgla. Gervigreind er tilraun sem er innblásin af því hvernig heili okkar starfar, tölvukerfi með getu til að taka ákvarðanir og framkvæma fjölda þess sem áður krafðist mannlegrar greindar. Hún á það sameiginlegt með heila mannsins að það er ekki til einfalt svar við því hvað gervigreind er og hvar takmörk hennar liggja.

Gervigreind flokkar heiminn niður í hólf en flokkunin er langt í frá hlutlæg. Ef gervigreind er til dæmis notuð til að skanna andlit umsækjenda um störf, í því skyni að sía þau sem eru ótraustvekjandi í burtu, er hætt við því að mat gervigreindar á því hvers konar andlitsfall er traustvekjandi verði hlaðið fordómum. Gervigreind býður upp á endalausa möguleika, en hún hefur ekki siðferðisvitund. Hún getur því fest alla okkar hvimleiðu fordóma enn frekar í sessi og staðfest stigveldin sem við höfum unnið gegn öldum saman. Gervigreind tekur ekki endilega bestu ákvarðanir allra mögulegra ákvarðana. Ekki frekar en heili mannsins. En gervigreind mun opna okkur tækifæri sem okkar villtustu hugmyndir sjá ekki fyrir, eins og tölvur og snjallsímar gerðu. Við skulum reyna að nýta þau til hagsbóta fyrir mannkynið.